

K

SAFNARÝNI

Bernskan og breytingar tímans Safn Einars Jónssonar	11
Safnið í Sjóhó Sjóminjasafnið á Granda	15
Hvar er þín fornaldarfrægð? Af horfinni handritasýningu	26
Gaman er að koma í Keflavík ... Rokksafn Íslands, Reykjanesbæ	34
Staður til að láta sig dreyma Hugmyndasmíðjan á Kjarvalsstöðum	39

EFNI / GREINAR

Fréttir úr safnaheiminum	4, 6–7, 40–41
Safnbúðir og minjagripir	8–10
Sarpur á tímamótum	12–13
Safnasjóður	14
Menningararfurinn er efni til sköpunar	16–23
Raunir safnamannsins	24
Safnaverðlaunin	25
Berlínarsaga	28–33
Ný hugtök	36–37
Samfélagslegt hlutverk safna	38



Forsíða Erla María Árnadóttir, Ármann Agnarsson

Kæru lesendur!

Hér lítur í fyrsta skipti dagsins ljós tímarit sem hefur hlotið nafnið *Safnablaðið Kvistur*.

Blaðið á sér nokkurn aðdraganda í hugum þeirra sem að því standa en síðastliðið haust var loks ákveðið að látið til skarar skriða. Fæðingin hefur gengið eins og við er að búast, stundum sársaukafull, með hléum, óvæntum uppákomum og gleði.

Við berum þá ósk í brjósti að *Safnablaðið Kvistur* geti orðið vettvangur þar sem fagfólk á sviði safnamála og áhugamenn um menningu hafi aðgang að umfjöllun, skoðana-skiptum, umræðum og fréttum af íslenskum og erlendum vettvangi og verði jafnframt málagn fyrir safnafólk þar sem mikilvæg fagleg málefni eru rædd. Í tímaritinu er stefnt að uppbyggilegri gagnrýni og umfjöllun um allar tegundir safna, svo sem listasöfn, minjasöfn og náttúrurumínjasöfn. Einnig verður lögð áhersla á samstarf og samtal milli menningar- og menntastofnana.

Í hverju hefti verður *safnarýni* þar sem einstaklingar, innan og utan safnageirans, skoða íslensk og erlend söfn og sýningar. Lögð verður áhersla á faglegt efni svo sem rannsóknir, forvörslu, skráningarmál, sýningargerð, miðlun og fræðslu. Birt verða viðtöl við fólk sem kemur að söfnum og sýningum úr ólíkum áttum. Von er til þess að hægt verði að opna einfalda heimasíðu blaðsins á næsta ári.

Greinaskrif verða í höndum fólks úr ýmsum kimum samfélagsins, safnafólks, nemenda, hönnuða, listamanna, gagnrýnenda og annarra áhugamanna um málefni safna. Öllu áhugafólki er meira en velkomið að senda blaðinu efni eða athugasemdir (sigrun@safnarutan.is).

Áður hafa komið út hefti um safnamál en það eru *Ljóri* og *Fréttablað safnmanna*, en nokkuð er um liðið síðan það var.

Fyrsta tölublaðið kemur nú fyrir sjónir lesenda og þar má finna sitt-hvað af því sem talið er upp hér að framan, en annað bíður næstu tölublaða. Hér má nefna frásagnir af Berlínarferð safnafólks nú í haust, viðtal við nýráðinn deildarstjóra sýningadeildar Listasafns Íslands og skemmtilega sögu úr lífi safnamanns. Þar má einnig finna *safnarýni*, stutta gagnrýni um sýningar nokkurra íslenskra safna.

Með von um að lesendur hafi gagn og gaman af.

Sigrún Kristjánsdóttir,
Borgarsögusafni

Safnablaðið Kvistur

Útgefandi Safnarútan slf.

Ritstjórar Sigrún Kristjánsdóttir

og Guðrún Dröfn Whitehead

Ritstjórn Bergsveinn Þórssón, Inga Lára

Baldvinsdóttir, Sigurður Trausti Traustason,

Sigurjón Baldur Hafsteinsson

Hönnun Ármann Agnarsson

Myndskreytingar Erla María Árnadóttir

Prentun Prentmet

Þýðdar greinar um hlutverk safna og ný hugtök

Sunnefa Völundardóttir

Höfundum greina eru færðar kærar þakkir

fyrir þeirra framlag.

ISSN 2298-6944

Íslenskt hugvit í safni helgað mannréttindum!

Kanadíska mannréttindasafnið (Canadian Museum for Human Rights) er fyrsta safn sinnar tegundar í heiminum. Það er tileinkað þróun, vegsömun og framtíð mannréttinda í Kanada og annars staðar í heiminum. Safnið opnaði formlega þann 20. september 2013 í byggingu sem reist var sérstaklega fyrir safnið og er staðsett í miðborg Winnipeg. Safnbyggingin er þegar orðin eitt helsta kennileiti borgarinnar vegna sérstæðs útlits. Er hugmyndin að safninu var fyrst kynnt, sætti hún gagnrýni frá ýmsum og ekki síst frumbyggjum Kanada, en þeir hafa lengi staðið í baráttu fyrir viðurkenningu kanadíska ríkisins á mannréttindabrotum sem þeir hafa þurft að þola allt fram á þennan dag. Beindist gagnrýnin meðal annars að því að safnið gæfi ranga mynd af framkvæmd mannréttindamála í Kanada. Safnið býður upp á sýningar í tíu sýningarrýmum sem hvert um sig fjallar um ólík viðfangsefni er snúa að mannréttindum. Sem dæmi er ein sýning sem tekst á við spurninguna um það hvað mannréttindi séu, önnur sýning horfir til sjónarmiða frumbyggja í Kanada til mannréttindamála og þriðja rýmið gerir grein fyrir mikilvægi þess að vekja máls á mannréttindabrotum. Sýningarnar nýta sér margs konar framsetningartækni, s.s. gagnvirkni í upplýsingamiðlun, og var Gagarín eitt þeirra fyrirtækja sem hannaði slíkar lausnir fyrir sýningar safnsins. www.humanrights.ca

British Pathé

Fyrr á þessu ári opnaði kvikmynda-safnið British Pathé stafrænar dyr sínar fyrir almenningi, þegar um 85.000 kvikmyndum úr safni þeirra var hlaðið inn á Youtube. Á heimasíðu British Pathé má finna skemmtilegar stuttmyndir frá Íslandi, til dæmis breska og ameríska hermenn arka um götur borgarinnar árið 1941 og hraustlegar íslenskar stúlkur dansa léttan dans fyrir myndavélina árið 1932. www.britishpathe.com

Landbúnaðarsafnið flytur

Síðsumars var Landbúnaðarsafnið flutt í Halldórsfjós á Hvanneyri, sögumerka byggingu sem reist var á árunum 1928–29. Þann 2. október 2014 var grunnsýning safnsins opnuð þar og einnig tekið í notkun nokkuð geymslurými þar í húsinu. Um leið opnaði Ullarselið þar glæsilega verslun.





3000 myndir frá Íslandi á vef danska Þjóðminjasafnsins

Danska Þjóðminjasafnið hefur opnað aðgang að stórum myndabrunni á netinu. 750.000 myndir verða gerðar aðgengilegar en þar af eru nú komnar 50.000 á vefinn, þar á meðal tæplega 3.000 myndir, teikningar og kort frá Íslandi. Þær eru úr safni Daniels Bruun úr Íslandsleiðöngurum hans. Innskönnun þess safns var styrkt af Augustus Fondet og var gjöf til Þjóðminjasafns Íslands á 150 ára starfsafmæli safnsins. Meirihluti safnsins er til frjálsra afnota. www.samlinger.natmus.dk

Eyrarbakki Heritage Centre

Þeir sem fylgst hafa með þáttum Egils Helgasonar um Vesturfarana minnst safnarans og fræðimannsins Nelsons Gerrard. Nelson hefur um árabíl safnað skjölum, ljósmyndum og gripum frá löndum sínum í Kanada og Ameríku og á orðið gott safn. Meginstarf Nelsons hefur verið bókaskrif um búsetu Íslendinga á tilteknum svæðum í Kanada. Heimasíða Nelsons gefur okkur innsýn í merkilegt starf hans fyrir vestan. www.sagapublications.com

Nýtt safn í Reykjavík

Í Reykjavík hafa fjögur söfn verið sameinuð undir einn hatt. Það eru Árbæjarsafn, Landnámssýningin í Aðalstræti, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Sjóminjasafnið auk Viðeyjar. Það heitir nú Borgarsögusafn Reykjavíkur. Ætla má að sameiningin skili enn betri söfnum til gagns og gleði fyrir borgarbúa og gesti borgarinnar. Meira síðar!



Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Getty-efnisorðalistar nú aðgengilegir

Getty-stofnunin hefur nú gert Art and Architecture-efnisorðalista sína aðgengilega sem LOD (Linked Open Data). Það þýðir að hver sem hefur áhuga getur notfært sér gagnasafn þeirra sem inniheldur yfir 250.000 efnisorðaskráningar og skýringar. www.getty.edu/research/tools/vocabularies

Sjónrænn menningararfur í Safnahúsinu við Hverfisgötu

Verið er að vinna að nýrri grunnsýningu um sjónrænan menningararf þjóðarinnar. Sýningin verður sett upp í Safnahúsinu sem nú er kallað sínu upphaflega nafni en var í millitíðinni nefnt Landsbókasafnið og Þjóðmenningarhúsið. Sýningin er samstarfsverkefni eftirtalinnna stofnana: Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar, Þjóðskjalasafns Íslands, Landsbókasafns-Háskólabókasafns og Náttúru-minjasafns Íslands. Markús Þór Andrésson er sýningarstjóri en sýningin verður opnuð 28. mars 2015.



Munir heim í hérað

Kristján Runólfsson var virkur einkasafnari, búsettur á Sauðárkróki, sem safnaði gripum víða að af landinu. Eftir að safnið komst í eigu Bygðasafns Skagfirðinga og hafði verið skráð og myndað, voru listar yfir safngripi sendir til annarra minjasafna og þeim boðið að taka gripi frá sínu svæði til varðveislu. Mörg söfn þekktust boðið og því

hafa safngripir úr safni Kristjáns verið afhentir byggðasöfnum Austurlands, Árnesinga, Hafnarfjarðar, Borgarfjarðar, Vestmannaeyja, Árbæjarsafns og Skógasafns. Erum þessi skil á safngripunum til mikillar eftirbreytni og væntanlega auðga og bæta þeir safnkostinn í sínum gömlu heimkynnum.

Öflugt útgáfustarf Skagfirðinga

Það hefur vakið athygli hve fjölpætt útgáfustarf hefur verið á vegum Bygðasafns Skagfirðinga á umliðnum fimmtán árum. Rannsóknarskýrslur útgefnar á heimasíðu safnsins eru orðnar 148 talsins. Sum ritin tengjast Fornverkaskólanum og eru í raun ítarefni fyrir nemendur hans. Aðspurð segir Sigríður Sigurðardóttir safnstjóri að metið sé hvort niðurstaða verkefnis verði almenningi aðgengilegri í smáriti eða sýningu og sú leið valin sem hentar best. Hvert smárit sé ígildi sýningar.

Hún segir að mikilvægt sé að deila þeim verkefnum sem unnið hafi

verið að. Ljóst sé að áhugi er á útgáfunni því að flest ritin eru aðgengileg á heimasíðunni og þau mikið lesin.

Fyrir tveimur árum var farið af stað með nýja ritröð, Rit Bygðasafns Skagfirðinga. Fyrsta heftið sem gefið var út var eftir Sigríði, helgað miðaldakirkjum í Skagafirði á tímabilinu 1000–1318. Í deigluinu eru þrjú rit: um þrifnaðarhætti í torfbæjum, rannsókn á beinum og greftrunarsíðum í elstu kristnu grafreitum Skagfirðinga og rit um verkefni tengt Tyrfingsstöðum. Fróðlegt verður að fylgjast með þessu útgáfustarfi sem á sér ekki hliðstæðu meðal annarra byggðasafna.



Nýló á nýjum stað



Nýlistasafnið er flutt enn á ný. Safnið hefur nú opnað í Völvufelli 13–21 í Breiðholti og er þar að finna bæði opna

safneign og verkefnarými. Næstu mánuði stendur yfir röð einkasýninga í verkefnarýminu sem gengur undir samheitinu Hringhiminn. Upplýsingar er að finna á www.nylo.is

Listasafn Íslands 130 ára



Safnið fagnar þessum áfanga með fjölbreyttri dagskrá sem stendur út árið. Þar á meðal er opnun Vasulka-stofu, miðstöð fyrir margmiðlunarlist á Íslandi, þar sem sjónum verður meðal annars beint að varðveislu vídeólistar.

Safnbúðir og minjagripir

Þekkir þú tilfinninguna um að vera inni í safnbúð, umkringd áhugaverðum bókum og öðrum vörum og vita ekki hvað skal kaupa? Eitthvað smávegis, tugi bóka eða ekki neitt. Þar má auðveldlega eyða fáum krónum en mörgum klukkutímum, niðursokkin í bók eða formfræði vandaðra hluta. Því safnbúðir greina sig markvisst frá öðrum verslunum með vöruúrvali sem er sérsniðið að umfjöllunarefni safnsins. Vörurnar vísa vonandi í safnið og geta hlutir sem láta lítið yfir sér öðlast frekari merkingu í þessu samhengi starfsemi og safneignar safnsins. Hlutir sem keyptir eru í safnbúðinni standa sem minnisvarðar inni á heimilum fólks um ferð á safnið.

Safnbúðin sem tekjulind, tæki til markaðssetningar og þjónusta við notendur safna

Safnbúð og safn eru bæði hugmyndafræðilega og áþreifanlega ná tengd. Þó eru þau ólík að því leyti að safnbúðin, líkt og annar verslunarrekstur á að standa undir sér og skila hagnaði. Starfsemin gengur því út á að sætta og sameina tvo ólíka þætti. Annars vegar mælanleg hagnaðarsjónarmið sem liggja til grundvallar hefðbundnum verslunarrekstri og hins vegar safnahugsjónina sem grundvallast á annars konar og síður mælanlegum hagnaði. Árið 2007 var

gefin út samþykkt á vegum alþjóðlegu safnasamtakanna ICOM þar sem safn er skilgreint á eftirfarandi hátt: „Safn hefur ekki hagnað að markmiði. Það er varanleg stofnun sem starfar í þjónustu samfélagsins, vinnur að framþróun þess og er opið almenningi. Það safnar, varðveitir, rannsakar, miðlar og sýnir efnislega og óáþreifanlega arfleifð mannkyns og umhverfis, í tilgangi fræðslu, rannsókna og skemmtunar.“

Bæði innan og utan við þessa jöfnu gegna safnbúðir mikilvægu miðlunar- og þjónustuhlutverki fyrir

notendur safnsins. Þær kynna safnið, starfsemi þess og safneign fyrir áhugasömum. Líka þeim sem fara ekki inn á sýningar enda er safnbúðin yfirleitt staðsett fremst í safnbyggingunni og aðgengileg öllum þeim sem koma inn í hana eða inn á vefsíðu safnsins. Á tímum aðhalds í fjárveitingum hins opinbera til menningarmála er freistandi að líta á safnbúðina fyrst og fremst sem tekjulind fyrir safnið, og leið til þess að fjármagna aðra starfsemi. En það er líka mikilvægt að líta til safnbúðarinnar í víðara samhengi. Þar gefst tækifæri til að markaðssetja

safnið og starfsemi þess svo af því sé virðisauki í víðasta skilningi þess orðs. Virðisaukinn er framkallaður með vöruúrvali og þjónustu sem byggir á starfsemi safnsins, safneigninni og sýningum.

Í safnbúðinni er nammi ekki bara nammi

Fyrir tæpar 300 krónur fæst glær sellófanpoki sem inniheldur óræðan hlut. Hann er u.þ.b. 15 cm á lengd og 4 cm í þvermál. Það er ekki eins og þú heldur, hann fæst ekki í safnbúð Hins íslenska reðasafns í Reykjavík. Þetta er heldur ekki steintegund, en þær má finna í safneign Eldfjallasafnsins í Stykkishólmi, sem er í um það bil hálftrar mínútu göngufjarlægð frá. Varan, kandís á bandi, fæst í safnbúð Norska hússins – Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla. Margir hafa fengið að smakka þessa sykurtegund heima hjá langömmu sinni og langafa. Amma og afi voru þó líklegri til að hafa keypt kandísinn tilhöggvinn og innpakkaðan í kassa úti í búð. Þannig var hann borinn fram í lítilli skál með kaffinu. Kannski man einhver þá tíma þegar kandísinn var klipinn í sundur með þartilgerðri sykurtöng. Töngin er hins vegar horfin úr helstu búðum og eldhússkúffum landsmanna en sést ennþá á byggðasöfnum, stundum í félagskap kandísstangar á bandi.

Í safnbúð Byggðasafnsins fæst líka nammitegund af nýrri gerð. Þetta er súkkulaðiregnhlíf með handfangi. Hún er u.þ.b. 10 cm að lengd, kónísk og mest 2 cm á breidd. Henni er pakkað inn í bleikt álbréf með áprentuðu andliti. Á rigningardegi sumarið 2013 varðaði regnhlífin leiðina aftur til rigingasumarsins 1969. Þá voru regnhlífar líka borðaðar. Samanlögð áhrif bragðs, áferðar og lyktar urðu til þess að tengja manneskju við minningar frá því mörgum árum áður. En vörurnar í safnbúðinni urðu líka kveikja að samtali um sælgætismenningu á Íslandi, þvert á tíma og kynslóðir. Það byrjaði á gullaldartíma kandísins þegar nammiframboð var minna



og færði sig í áttina að súkkulaðiregnhlíf sem var á sama tíma bæði gömul og ný. Samtalið tók líka til þess sem ekki var í til staðar í búðinni. Þar má nefna lakkrísör ofan í kókflösku úr gleri, Sírfuslengja og lakkrísrúlla sameinaðar, bland í bleikum eða grænum skrjáfandi poka. Einu sinni var tyggjó bannað en M&M og Skittles var leyft, svo bannað og svo aftur leyft. Páskaegg og Mackintosh tilheyrja bara sérstökum frídögum. Niðurstaðan: Það er leitun að fólki sem borðar jafn mikið af nammi, enda hefur það skilað þjóðinni vafasömum titlum á meðal

þjóða. Tengingin á milli sælgætis og sögu byggðar virtist í upphafi ekki skýr, en nammiframboð hvers tíma varpar ljósi á fólk og samfélag, bæði það ytra og innra. Hér skiptir framsetning vörunnar, samhengi, þekking og þjónusta höfuðmáli.

Ég var þar eða einhver sem ég þekki, minnir mig, og þessi hlutur sannar það

Það fæst ýmislegt í safnbúðum á Íslandi og þær endurspeгла, a.m.k. yfir sumarmánuðina, áherslu á túrisma. Lundar eru sætir. Víkingahjálmar úr plasti og list á bol eða



bolla selst best. Það er leitun að lægri samnefnara minjagrips og safneignar, hvað sem það kann að vera. En ef varan þjónar þrátt fyrir allt markmiði og tilgangi safnsins, það er að fræða eða kveikja áhuga á viðfangsefninu og tengja saman safn og einstakling. Helgar tilgangurinn þá ekki meðalið? Sérstaklega vegna þess að við söluvarð meira að segja eftir peningur í kassanum. Eða getur safnið gefið vörunni aukið innihald, til dæmis með því að merkja hjálminn með varúðarsetningu á borð við: Athugið að útlit víkingahjálmisins er tilgáta. Eða: Rannsóknir á fornleifum frá víkingaöld staðfesta hvorki né útiloka útlit hjálmisins. Eða: Varúð, þetta er 19. aldar túlkun á höfuðfati víkings. Og með málverki prentuðu á bolla fylgir: Athugið, þetta er bolli nr. 5893 af upplagi 10.000.000 bolla. Listamaðurinn x seldi ekkert verk á ferlinum en bollinn hefur farið mjög víða. Eða: Þótt listamaðurinn hafi ekki selt verkið á ferlinum er það í dag almennt og opinberlega mikils metið og þess vegna prentað á ýmsa vöru en ágóði af sölu rennur til forvörslu, skráningar, rannsókna og miðlunar á verkinu sem og öðrum verkum í eigu Listasafnsins. Það er ekki litið fram hjá því að vörurnar í safnbúðinni eru fulltrúar safnsins, safnastefnunnar, starfseminnar og safneignarinnar.

Í grein sinni *The Object as a Data Carrier* (Reinwardt Academy, 1984) skilgreinir safnafræðingurinn Peter van Mensch safnvæðingu sem ferli

þar sem hlutur er færður úr sínu félagslega umhverfi og inn í safna-samhengið þar sem hann fær nýtt hlutverk og notagildi. Samkvæmt þessari kenningu er safnstóllinn ekki lengur stóll í eiginlegri merkingu. Það má ekki lengur sitja í honum, því núna er hann hluti af safneign og rannsóknarefni. Hann er varðveittur, skráður og ef til vill sýndur almennungi. Í safnbúðinni gildir svipað en þó viðsnúðið lögmál. Í safnbúðinni má skoða og snerta bækur og sýningarskrár með vísanir í safn og safneign. Þar eru líka endurgerðir og endurprentanir eins og til dæmis stytur, póstkort og plaköt. Vörurnar sem hefja sitt líf í safnbúðarrým-inu eru sendiherrar safnsins því við söluvarð færast varan inn í annað samhengi. Þetta er tilfærsla á vöru úr opinberu rými safnsins og inn í það persónulega. Eftir stendur varan, hlutur meðal hluta, inni á heimili eða í jakkavasa, minjagripur með vísun í ferð á safn og áþreifanlegur vitnisburður um safn og safneign. Í flestum tilfellum hefur söluvaran nýlega verið fjöldaframleidd, verðmerkt til sölu og hefur að minnsta kosti ekki ennþá verið valin af opinberum aðilum til varðveislu sem hluti safneignar. Sölumerktar endurgerðir eru staðgenglar alvöru safneignar og þær má kaupa og taka með sér heim.

Upphaf og endir safnheimsóknarinnar

Hugmyndin að safnbúðinni skýrist af þörfinni fyrir aukið fjármagn til safnsins. Hún verður ljósið sem lýsa

á veginn til hagsældar á safninu. En það er varasamt að láta gróðasjónarmiðið stjórna vöruframboðinu, hvað þá að ætla safnbúðinni að standa undir rekstri safns. Markmið og hlutverk safnbúðar einskorðast ekki við að ná inn peningum, heldur miklu fremur að ná fram víðtækum virðisauka í huga safngestsins, safninu til framdráttar. Þannig takmarkast markaðshlutverk safnbúðarinnar ekki við fjárhagslegan hagnað, heldur virðisauka í víðara samhengi. Í búðinni á að eiga sér stað samtal á milli safns og notanda þar sem varan er miðillinn. En í ljósi tengingar á milli búðar og safns hlotnast safnbúðinni frelsi til að nálgast viðfangsefnið á annan hátt en sjálft safnið. Helsti styrkur búðarinnar er því þessi lína sem safnið dansar á, mitt á milli safns og hefðbundinnar verslunar. Ljósi punkturinn er að allir sem koma á safnið eiga kost á að upplifa og kaupa eitthvað sem tengist safneigninni. Safnbúðin er þess vegna bæði upphaf og endir safnaheimsóknarinnar.

Ingunn Jónsdóttir,
vöruhönnuður og safnafræðingur



Bernskan og breytingar tímans

Ég á minningar úr barnæsku um Safn Einars Jónssonar sem koma safninu sjálfu býsna lítið við, en mig langar samt að rifja upp. Skólavörðuholtið allt var leikvöllur barnanna í hverfinu þegar ég var að alast þar upp, en fljótt fékk maður að vita að einn staður væri bannsvæði, og það var garðurinn við Hnitbjörg, enda voru öll hlið að þeim garði rammlega læst og háir steinveggir og girdingar meðfram honum. Þess vegna varð garðurinn jafnvel enn meira spennandi og leyndardómsfullur og maður leitaði ákaft að leyndri inngönguleið.

Í dag er garðurinn einn vinsælasti skúlptúrgarður borgarinnar, opinn öllum, alltaf, og enginn þarf að stelast þangað inn. Bronsafsteypur verka Einars Jónssonar njóta sín líklega hvergi betur en einmitt þarna í garðinum. Að færa stytturnar út úr Hnitbjörgum var mikið gæfuspor, þó það bryti í bága við arfleðsluskrá og fyrirmæli Einars sjálfs, sem hafði sett verk sín upp í safninu samkvæmt eigin hugmyndum áður en hann lést og gefið fyrirmæli um hvernig haga skyldi framtíðar ákvörðunum.

Arfleðsluskrá Einars Jónssonar hefur gert stjórnendum safnsins erfitt fyrir um breytingar, því listamaðurinn sagði fyrir um að í engu mætti hrófla við þeirri uppröðun verkanna sem hann hafði ákvarðað. Og ef gerðar yrðu bronsafsteypur skyldu þær einnig vera innan safnsins, sem hefði orðið algert kraðak,

því þrengslin voru nóg fyrir í hinni upphaflegu uppsetningu. Ólafur Kvaran, sem var safnstjóri 1980–1991, tók þá ákvörðun að gera safneignina aðgengilegri almenningi og víkja í þeim tilgangi frá arfleðsluskránni, enda var hún í ýmsum efnum mótsagnakennd. Eigum við þessum breytingum það að þakka að höggmyndagarðurinn varð til og að meira loftar nú um verkin innandyra. Einnig var gerð sú breyting að veggir safnsins voru málaðir bláir, sem undirstrikar hvítan lit gifsmyndanna. Allar þessar breytingar breyttu þessu hálfgerða grafhýsi verka Einars Jónssonar í lifandi og áhugaverðara safn. Átti höggmyndagarðurinn stærstan þátt í því.

En af hverju að rifja þetta allt upp, barnæskuna og breytingarnar? Jú, því það er að mörgu leyti kominn tími til nýrrar endurskoðunar á safninu að mínu mati, endurskoðunar sem byggir á þessum vangaveltum um garðinn, safnhúsið og það sem laðar að og það sem hrindir frá. Garðurinn hefur ekki misst neitt af aðdráttarafli sínu, þar slær hjartað í safneigninni. Hann laðar til sín fjölda gesta á hverjum einasta degi, jafnt sumar sem vetur. Í garðinum er hægt að ganga hringinn í kringum verkin, skoða þau í krók og kima, sem er nauðsynlegt til að njóta höggmynda til fulls. En safnhúsið sjálft, Hnitbjörg, virðist enn jafn dimmt og óárennilegt og fyrrum, þrátt fyrir breytingarnar 1983. Uppröðun Einars er á mörgum stöðum þunglamaleg,

Ingólfur Arnarson og Alda aldanna horfa út í horn, að því er virðist fyrst og fremst til að koma þeim fyrir frekar en hægt sé að njóta þeirra til fulls með hringskoðun.

Eitt atriði sem er sérkennilegt í dag, þegar ferðamenn streyma til landsins á öllum árstímum, er stuttur opnunartími safnsins. Sérstaklega lokunin í desember og janúar, en margir ferðamenn koma á þessum árstíma til að upplifa íslensk áramót og þyrpast þá á Skólavörðuholtið. Þarna er beinlínis viðskiptatækifæri fyrir sérpantaða upplifun, en í Hnitbjörgum eru svalir til allra átta og flott útsýni, þar væri gaman að standa og njóta áramótanna.

Heimasíða safnsins er aðgengileg og vel sett upp, og höfundarverki og lífsferli Einars Jónssonar gerð góð skil. Það var gott að sjá að þar er fjallað ítarlega um konu Einars, Önnu Jørgensen Jónsson, en fórnfúst starf eiginkvenna listamanna mætti oftara draga fram eins og þarna er gert.

Í dag er því ólíkt skemmtilegra og aðgengilegra að skoða verk Einars Jónssonar en það var í minni barnæsku. Má þakka það nokkuð djörfum breytingum á sínum tíma. Síðan eru liðin 30 ár og ef til vill enn komið að tímamótum. Verk Einars eru á margan hátt vel fallin til almennra vinsælda og er garðurinn góður vitnisburður þess. Þarna gætu því verið ónýtt tækifæri til jákvæðra breytinga og ýmsir möguleikar til sjálfstæðrar tekjuöflunar.

Sarpur á tímamótum

Menningarsögulega gagnasafnið Sarpur stóð á tímamótum á árinu 2013. Miklar hræringar höfðu átt sér stað, bæði í rekstrarumhverfi gagnasafnsins en einnig í kerfinu sjálfu. Stjórn Rekstrarfélags Sarps undirritaði þjónustusamning við Landskerfi bókasafna á árinu og sá samningur fól í sér ýmsar breytingar í rekstri félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins sér nú um mál er varða rekstur á meðan að faglegi hluti starfsins er í höndum fagstjóra. Með þessu fyrirkomulagi er verið að rýmka til svo að fagstjóri geti einbeitt sér að eftirliti, viðhaldi, kerfisþróun, notendabjónustu og kennslu. Skráningarmál og kennsla eru í góðum farvegi hjá Landskerfi bókasafna og mun fagstjóri Sarps taka mið af því og njóta góðs af þeirri reynslu sem þar er til innanhúss. Notandinn á að vera í fyrirrúmi og þjónusta við hann. Ef litid er til kerfisins þá var ytri vefur gagnasafnsins opnaður á slóðinni www.sarpur.is en þar getur almenningur nú leitað í yfir milljón færslum sem skráðar eru af aðildarsöfnunum. Þar er að finna allt frá fornleifum til listaverka og eru myndir stærsti hluti aðfanganna. Ættu flestir að geta fundið þar eitthvað við sitt hæfi.

Skráning er einn af hornsteinum safnastarfs, grunnhugsunin er að vita hvað til er og hvar það er að finna. Vel skipulagður gagnagrunnur hjálpar til við mótun safnkosts og söfnunarstefnu, án vitneskju um það sem fyllir geymslurnar er mjög erfitt að gera sér í hugarlund hvað vantar. Því er skráning grunnforsenda söfnunar. Með Sarpi, sem er sameiginlegur gagnagrunnur aðildarsafnanna, og samræmdri skráningu verður til samvinnugrundvöllur sem ýtir undir millisafnalán, samræmdar söfnunarstefnur og samstarf. Söfnin fara að tala sama tungumálið.



Það er markmið Sarps að sem flest söfn og stofnanir verði aðilar, en aðildarsöfnum hefur fjölgað jafnt og þétt í gegnum árin frá 24 árið 2004 upp í 50 árið 2013. Því fleiri söfn sem gerast aðilar því yfirgripsmeira verður gagnasafnið og markmiðið er að sarpur.is verði fyrsta stopp allra þeirra sem hafa áhuga á að fræðast um og kynna sér íslenskan safnkost og menningarminjar. Greiningarsýningar hafa verið vinsælar á ljósmyndasöfnum og má að vissu leyti líta á ytri vef Sarps sem eina risastóra greiningarsýningu. Mörg söfn eru strax farin að finna fyrir auknum áhuga almennings eftir að ytri vefurinn opnaði og þar hefur mest borið á því að fólk er að senda inn ábendingar varðandi muni og myndir í gegnum hinn svokallaða „veistu meira“ hnapp en þar er fólk gefinn kostur á því að miðla vitneskju sinni um ákvedin aðföng. Betur sjá augu en auga og með þessu móti verður gagnasafnið enn verðmætara eftir því sem frekari upplýsingar bætast við og eldri skráningar eru yfirfarnar. Opinn aðgangur þýðir auðvitað fleiri tækifæri en á sama tíma meiri vinnu. Söfnin þurfa að vera í stakk búin til að taka á móti fleiri fyrirspurnum en áður og jafnvel óskum

“

UM SARP FRÁ NOTENDUM

Frá árinu 2003 hafa leiðir okkar Sarps legið af og til saman, bæði til að afla gagna vegna rannsókna á forngripum sem og við nýskráningar á forngripum og upp úr aðfangabókum. Varla er hægt að jafna saman þeim Sarpi sem ég kynntist fyrst og þeim sem nú stendur til boða, hvað hann er allur notendavænni, hraðari og skemmtilegri.

Gjörbylting hefur orðið með þeim Sarpi sem kominn er á netið og er öllum opin og hefur strax reynst ómetanlegur við rannsóknir. Það er mikill tímasparnaður að geta kallað fram rannsóknargögn frá öllum söfnum og fengið ljósmyndir af efni-vidnum, þar sem slíkar eru til. Auðvitað má alltaf tala til ammarka á viðmóti gagnagrunna, til að mynda væri gott að þurfa ekki að fara inn í hverja færslu til að fá frekari upplýsingar, en slík umkvörtun er hjómið eitt miðað við þau forréttindi að hafa aðgang að safnkosti þjóðarinnar: rannsóknargögnum og samamburðarefni á fljótvirkan og einfaldan máta.

Til hamingju Íslendingar!

**Guðrún Alda Gísladóttir
fornleifafræðingur**

Sarpur er frábært framtak, en þetta er nú ekki annað en það sem eðlilegt er að ætlast til nú á tækniöld. Flest ef ekki öll þau söfn sem taka þátt eru rekin fyrir almannafé. Ég hef aðallega notað ljósmyndasöfnin. Góð byrjun en mikið óunnið. Svo mikið er til af myndum að góðar merkingar fyrir leitarvélur er lykillinn að notagildinu. Það verður að segjast eins og er að þar er Sarpur á algeru byrjunarstigi. Margar myndir eru með litlum eða engum leitarorðum eða hreinlega rangt merktar. Því margendurtek ég leitirnar. Ef ég finn áhuga-verða mynd þá leita ég að öðrum myndum sama ljósmyndara; eða prófa mig áfram með þau leitarorð sem hafa verið tengdar við myndirnar. Þannig fiskast smátt og smátt.

Birgir Þórisson

”

“

UM SARP FRÁ NOTENDUM

Við í Hafnarborg ákváðum ásamt fleiri listasöfnum að gerast aðildarfélagar að Sarpi enda er það mikilvægt verkefni að gera verk í eigu listasafna, sem meiri hluta tímans eru geymd og falin í geymslum, sýnileg almenningi. Sarpur var upprunalega miðaður við skráningu hjá byggðasöfnum og var því ýmislegt sem þurfti að huga að til að aðlaga vefinn að skráningu listaverka. Hafnarborg tók virkan þátt í að koma með tillögum að nýjum valmöguleikum en það hefur verið ákveðið undirbúningsferli. Ljóst er að vefurinn er í sífellri þróun og reidur sig á ábendingar frá notendum um villur eða mögulegar breytingar. Í dag er allt annað að skrá listaverk í gagnagrunninn en það var í upphafi sökum þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað. Undanfarið höfum við unnið að skráningu listaverkasafns Hafnarborgar og er nú rúmlega helmingur verka í eigu safnsins orðinn aðgengilegur á vefnum.

Frá starfsfólki Hafnarborgar

”



um aðgengi að safnkosti. Það hefur verið erfitt fyrir hinn almenna safngest að gera sér grein fyrir því ótrúlega magni aðfanga sem íslensk söfn varðveita en nú er loks auðvelt að sjá meira en einungis topp Ísjakans. Fjárjódshirslur aðildarsafnanna eru nú opnar hverjum þeim sem hefur áhuga á að leita í þeim.

Samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi Sarps eiga notendur að vera í fyrir-rúmi og það er því ekki úr vegi að nokkrir notendur skrifi hér um sína sýn og reynslu af gagnasafninu.

Sigurður Trausti Traustason,
fagstjóri Rekstrarfélags Sarps



Safnasjóður

Safnasjóði var komið á fót árið 2001 með setningu safnalaga. Þau áttu að leysa af hólmi eldra kerfi styrkveitinga til byggðasafna sem Þjóðminjasafn Íslands hafði séð um og var skilgreint í Þjóðminjalögum og eldri lögum. Hugmyndin á bak við stofnun safnasjóðs var að koma úthlutuninni í fast faglegt form og að öll söfn sem uppfylltu skilyrði laganna gætu sótt um styrki frá ríkinu til starfsemi sinnar. Á árunum 2003 til 2012 var úthlutað úr safnasjóði samkvæmt þessum lögum en áherslur og aðferðir breyttust milli ára.

Við það fyrirkomulag sem tíðkast hefur frá árinu 2012 þ.e. að allir rekstrarstyrkir séu jafn háir, eða 1 millj. kr., hefur dregið úr vægi þeirra í rekstri safnanna. Það er í takt við almenna breytingu á styrkjum frá ríkinu til menningarstarfsemi þar sem áherslan hefur færst yfir á styrki í skilgreind verkefni í stað almennra rekstrarstyrkja.

Í gildandi safnalögum segir að sjóðnum sé heimilt að veita allt að 40% af ráðstöfunarfé sínu í styrki til að efla rekstur viðurkenndra safna. Mikilvægt er að safnasjóður nýti það takmarkaða fé sem hann hefur til úthlutunar með sem bestum hætti. Sú aðferð að deila jafnháum rekstrarstyrkjum til allra sem sækja um slíka styrki er ekki vænleg leið til að ná fram skilgreindum markmiðum.

Hlutfall rekstrarstyrkja úr safnasjóði af heildarrekstrarfé safna var árið 2011 um 2,7%, þetta hlutfall er þó mjög misjafnt eftir rekstrarumfangi. Hæst er það um 20%. Heildarfjöldi veittra rekstrarstyrkja árið 2014 var 37, samtals 37 milljónir.



Ný safnalög 141/2011

Um áramótin 2012/13 tóku ný safnalög gildi. Þau eru um margt frábrugðin eldri lögum. Sem dæmi má nefna að nú geta aðrir aðilar en söfn sótt um verkefnastyrki úr sjóðnum.

Tekið er fram að einungis söfn sem hafa hlotið viðurkenningu samkvæmt safnalögum geta sótt um rekstrarstyrk í sjóðinn en þó ekki söfn í eigu ríkisins. Í lögnum kemur fram að ekki er um rétt viðurkenndra safna til rekstrarstyrks að ræða heldur aðeins rétt til þess að sækja um slíkan styrk hljóti þau ekki rekstrarstyrki á fjárlögum. Í athugasemdum með frumvarpinu segir um rekstrarstyrki að „að fjárhagsgrundvöllur viðurkenndra safna skuli vera tryggður af eigendum þeirra og þannig er lögd áhersla á að rekstur safna sé á ábyrgð eigenda. Því ber að líta á rekstrarstyrki sem veittir verða samkvæmt þessari heimild sem viðbót við rekstrarfé umræddra safna, fé sem er ætlað að efla starfsemi þeirra, en er ekki hluti af nauðsynlegum rekstrargrunni þeirra.“ Hlutverk sjóðsins eigi fyrst og fremst að vera að styrkja skilgreind verkefni á sviði safna.

Það safnaráð sem skipað var í upphafi árs 2013 lét það verða sitt fyrsta verk að breyta aðferðum við mat og úthlutun verkefnastyrkja og var í fyrsta sinn úthlutað eftir nýjum úthlutunarreglum og verklagi árið 2014. Höfuðáhersla er lögd á faglegt mat og gagnsæi og eru viðmið ráðsins birt á heimasíðu þess. Nokkrar áherslubreytingar eru í reglunum frá því sem verið hefur í takt við ný safnalög. Nú hefur safnaráð heimild til að ákveða hvort sjóðurinn leggi áherslu á ákveðna þætti safnastarfs í úthlutun verkefnastyrkja hvers árs og sjóðnum er nú í fyrsta sinn heimilt að styrkja aðra starfsemi en söfn til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins. Það reyndi á þetta ákvæði laganna strax við úthlutun ársins 2013 og fengu meðal annarra Félag íslenskra safna og safnmanna og Rekstrarfélag Sarps úthlutað úr sjóðnum samkvæmt þessu ákvæði laganna.

Í úthlutunarreglunum kemur fram að safnaráð leggur faglegt mat á gæði verkefna og metur styrkhæfi umsókna með tilliti til verkefna og gildis þeirra fyrir safnastarf almennt og gerir tillögu um upphæð styrkja. Ekki verður sjálfkrafa úthlutað til allra verkefna sem standast lágmarksviðmið safnaráðs heldur munu upphæðir og fjöldi styrkja ráðast af auglýstum áherslum hvert ár skv. 2. gr., ráðstöfunarfé sjóðsins og fjölda og gæðum umsókna. Nú er unnið að sambærilegum breytingum á úthlutun rekstrarstyrkja með það að leiðarljósi að þeir peningar sem safnasjóður hefur úr að spila ár hvert nýtist sem best faglegu safnastarfi til framdráttar.

Ágústa Kristófersdóttir,
framkvæmdastjóri Safnaráðs

Safnið í Sjóhó

Það sem tengir ólíkar kynslóðir þessa eylands er hafið, veðrið og tungumálið sem spinna saman menningu okkar, vöggugjöfina sjálfa, í hinu langa skammdegi og öru sumarsól. Í Sjóminjasafninu í Reykjavík býr safn sem hefur það hlutverk að gera einum af þessum mótandi þáttum skil. Safnkosturinn er sjórinn og saga þeirra sem á hann sigldu og við hann bjuggu.



Á safni hafsins stíga gestir bláar báru og ganga fyrst inn í sal þar sem sjómannaúsir eru kveðnar í hverju horni. Sérýning safnsins frá því í sumar heitir *Svifið seglum þöndum* og er 75 ára úttekt á starfi Sjómannadagsráðs (Ath. að hluti þessarar sýningar hefur verið tekinn niður þegar þetta birtist). Fyrsta fulltrúaráð stéttarfélags sjómanna heilsar gestum við innkomu. Lúther, Janus og Jónas, Þórarinn og Þórarinn. Á þessari marglaga sýningu er hægt að víða að sér þó nokkrum molum. Til að mynda stofnuðu félagasamtökin Happraetti DAS til uppbyggingar Hrafnistu, dvalarheimilis fyrir aldraða sjómenn og sjómannsekkjur. Ólíkar fjáröflunarleiðir félagsins var allt frá stofnun Laugarásbíós til lítils dýrargarðs hér í Örfirisey árið 1947 með öpum, sæljónum, sænskum svartbjarnarhúnum og marglitum páfagaukum. DAS-lottóvélin sjálf er líka til sýnis, með sinn stóra glermaga og ótal litlum miðakeflum sem gáfu af sér Bensa og Rolls Royce í den. Og kátir voru karlarnir á Kúttar Haraldi og hver einasta kerling hló, hún hló, hún skelli skelli! En hér eru hlæjandi kerlingarnar hvergi sjáanlegar og allar brjóstmyndir eru af körlum.

Safnasýningum er ósjaldan gert að vera tímavél. Safngestir eru meðvitáðir um að þeir ganga inn í tilbúinn heim, leikmynd sögulegra

staðreynda og trúverðuleiki þeirra fer stundum eftir því hversu vel sú smíði tekst til. Í Bryggjusal safnsins er Sjómannadagurinn settur upp, sem hefur haft það hlutverk að kynna landselum störf sjómanna. Í honum mætast hinn gamli tyllidagur vermannanna er vetrarvertíð lauk og minningardagur þeirra sem fórust á hafi úti. Stemningin er hátíðleg á bryggjunni árið 1938 og hvítir mávar svífa yfir börnum að leik og vatteruðum sjómönnum. Barnvænleiki sýningarinnar spilar misvel við undirtón hennar enda er um stóra málstaði að ræða. Lagt er upp með að gera lífinu á Hrafnistu frekari skil sem og þeim fjöldamörgu frændum sem fórust á hafi úti. Sjórinn gaf og sjórinn tók og hvernig getum við búið vel um línu sjófæturanna. Verðugt málefni sem er áskorun í uppsetningu, máli og myndum.

Önnur af fastasýningum safnsins, *Frá örbyrgð til allsnægta*, er áhugaverð og vel unnin. Fallegum munum er stillt upp í tímalínu sem gestir þræða og fylgjast með þróun sjávarplássins Reykjavíkur, bátanna í höfninni og ólíkum veiðarfærum búnum til eftirskapgerð hvers fisks. Og þarna eru konurnar, við fiskiðnað frá fornu fari, netagerð og svo loks í frystihúsinu að pakka inn okkar ástkæra þorski, ýsu og ufsa. Í bátagerðinni liggur her rauðra skipa og flotinn stækkar með

hverri áunninni sjómílu. Jón var ekki aðeins fyrsti forsetinn heldur einnig fyrsti úthafstogarinn með trolli sem gat fangað flest spendýr hafsins.

Það er farið að hvesa við gömlu höfnina og nokkrir túristar missa höfuðfötin á leiðinni upp í Óðin. Við fáum að heyra í gamalli upptöku af sinfóníusveit þessa varðskips og kíkjá inn í skipasjoppuna sem bauð upp á prins póló og kók, andspænis líkamsræktinni. Sögurnar sem gerðust um bord eru ófáar og lita gangana með myndum. Tvær eru af skipshundinum Freyju og hvolpunum hennar, en hún lét stundum bíða eftir sér á bryggjunni þegar hún átti stefnumót við Seppa sinn. Sjúkraherbergið var notað allt til síðustu siglingar þar sem skipalæknar fjarlægðu botnlanga gegnum árin og tóku á móti börnum í stjórnsjó. Ef drengir fæddust voru þeir vitanlega skírðir Óðinn. Forsetasvítan er kóngablá í stíl við dúllugardínurnar fyrir kýraugunum og höfðingleg sætin. Vínskápur herrans stendur tómlegur fyrir utan eina flösku af Ballantines, fyrir skipsnissan, svo að það haldist góður andi um bord. Inni í mörgum skipsklefum eru ritsímar þar sem neyðarboðin voru skrifuð niður á blað; skipið er að sökkva – maður frá bordi og ég geri mér far um að muna þau bæði.

*** --- **
** ** ** ** **



NÝR SÝNINGASTJÓRI Í LISTASAFNI ÍSLANDS

Menningar-

arfurinn er

efni til sköpunar

Eftir hrun finnst mér hafa aukist áhugi á Íslandi, hefur það skilað sér til ykkar myndlistarmanna?

Ef maður hugsar ekki um kaup og sölu, heldur almennan áhuga, já að sumu leyti. Það var mikill áhugi á íslenskri myndlist fyrir hrun, bæði hjá söfnurum og svo var mikið fjallað um íslenska myndlist í alþjóðlegri myndlistarpressu. Þetta helst gjarnan í hendur við efnahagsástandið. Maður finnur til dæmis núna að það er mikill áhugi á list frá latnesku Ameríku, ekki bara af því að þar sé svo áhugaverð list þótt hún sé það, æðisleg, en líka af því að þar er víða efnahagslegur uppgangur. Áhrifin eru svo margþætt. Svo fær-ist þunginn yfir á annan stað, og svona gengur þetta. Listheimurinn er með þróaðra skammtíma- en langtímaminni. Mér finnst margir íslenskir listamenn hafa notað tækifærin sín vel á þessum tíma fyrir hrun. Það eru þessi tengsl sem eftir standa, sem fólk deilir með hvert öðru. Þetta er „do it yourself“-fag hér, eins og tónlistin. Fólk er örlátt á sín tengslanet, hlutir eru gerðir í vinalegum félagsanda. En núna finnur maður það, bæði þekki ég það sjálf og frá samstarfsmönnum, að listamönnum standa til boða tækifæri sem þeir geta ekki nýtt sér af því það kemur enginn stuðningur héðan. Öll þessi alþjóðlegu verkefni byggja á því að það komi fjármagn

úr öllum áttum, m.a. frá heimalöndum listamanna, og íslenskir listamenn hafa stundum verið heppnir að geta flotið áfram á því að vera frá svo litlu landi að það sé lítill peningur til, en það er mjög leiðinlegt í svona samstarfi að gera það til lengri tíma. En á endanum þá hugsa margir sýningastjórar, „á ég að bjóða þessum íslenska listamanni, það kemur ekkert fjármagn með honum“ og það er það sem listamenn eru að finna fyrir núna.

Þetta er líka áhugavert fyrir þig af því að þú hefur verið báðum megin við bordið, sjálfstæður listamaður og núna komin á stofnun og berst hinum megin frá

Eiginlega við bordið frá þremur hliðum því ég hef í millitíðinni líka unnið sem sjálfstætt starfandi sýningastjóri. Ég hef til dæmis verið að byggja upp ákveðið samtal milli landa, milli stofnana, milli einstaklinga og í kjölfarið hef ég sóst eftir og/eða mér verið boðið af stofnunum, söfnum og galleríum að gera sýningar með íslenskum listamönnum eða íslenskum og japönskum eða norrænum eða eitthvað slíkt. Og þá hefur það oft stoppað á því að héðan fást svo aumur styrkir og auðvitað er gert ráð fyrir því að það hljóti að koma eitthvað fjármagn frá Norðurlöndunum, velferðarríkjunum, til að kosta verkefni listamanna þaðan.



Ert þú í betri stöðu á Listasafninu til þess að bjóða listamönnum?

Ég myndi ekki segja það, sem kemur mörgum á óvart. Það er dálítil þattstaða og þetta þekki ég líka frá öðrum opinberum listasöfnum í Evrópu, að þetta eru stofnanir sem er gert að sækja fjármagn úr einkageiranum, sem telja svo aftur söfnin hafa nóg umleikis. Það er ekki endilega það að kostnaður hafi aukist við allt, þótt reyndar sé flug, tollagjöld og slíkt dýrara. Umhverfi listanna tekur stöðugt breytingum, listasöfnin eru að færast í áttina að því að vera vinnustofur listamanna, sem koma ekki

lengur með tilbúin verk og hengja upp á vegg. Listasafnið er vinnustaður þar sem sköpun og samræða listamanna, sýningastjóra og listfræðinga á sér stað, hvort sem um er að ræða vinnu með verk lifandi listamanna eða liðinna. Í kjölfar þessarar þróunar hefur hin réttmæta, eðlilega krafa listamanna, og allra þeirra sem koma að sýningum um að fá greitt fyrir sína vinnu, aukist á Norðurlöndunum, hér á landi og í allri Evrópu. Þar sem þetta er þjóðarlistasafn og höfuðsafn eru ákveðnar hömlur á því hvaða sjóði safnið getur sótt í. Þar sem það er ríkisstyrkt, þá getur það til dæmis ekki sótt í alla alþjóðlega styrki. Hér á landi hefur ekki skapast hefð fyrir menningarstuðningi úr einkageiranum og í samfélaginu. Þótt styrkur hafi komið frá nokkrum einstaklingum og fyrirtækjum í gegnum tíðina þá erum við mjög aftarlega á merinni miðað við Norðurlöndin og Evrópu. Hið opinbera gerir ráð fyrir að stofnunin afli sér fjár annars staðar frá en þar eru fáir möguleikar. Þetta er ákveðin þattstaða. Ég held að þetta fari líka eftir stofnunum og hvort samfélagið er ánægt með sína stofnun og metur hana mikilvæga, ekki bara á síðastliðnum sex árum, heldur í gegnum tíðina. En ef til vill líka hvort þær hafi skapað sér jákvæða ímynd í samfélaginu og hvaða áhrif þær hafi haft á samfélagsumræðu. Eðli sinnar vegna á myndlistin kannski almennt erfðara með að markaðssetja sig. Það er yfirleitt hægara fyrir leikhús og tónlist að höfða til fjöldans, því að listformin eiga sér lengri njóttenda sögu og sterkara þrýstiafl í faginu.

Getur verið að það sé erfitt að þýða þetta merkingarkerfi? Fólk kemur inn á listasöfn og finnst það ekki skilja. Það verður kannski yfirþyrmandi?

Jú, það getur vel verið, en samt hugsa ég oft um að þetta sé frekar spurning um tíma og að halda áfram að hola steininn. Það á sér rætur mun aftar í tíma, til dæmis í því hversu lítinn sess myndlist hefur í menntun Íslendinga og

hversu óaðgengileg hún hefur verið almenningi framan af. Þar er ég að hugsa til þess hversu seint Listasafn Íslands fékk eigið sýningarými, öld síðar en þjóðarlistasöfn hinna Norðurlandanna og um tímann fyrir útgáfu hinna fimm binda Listasögunnar og tilkomu Sarps. Fólk sem fær tilfinningu fyrir því að það skilji ekki eitthvað þegar það fer inn á listasafn, á kannski ekki í vanda með að fara á hefðbundna Shakespeare-sýningu þar sem er heldur betur verið að vísa í bókþekkingu, sem fólk þarf að afla sér áður en það fer í leikhúsið.

Getur verið að þetta sé svona af því fólk veit að Shakespeare er góður? Þú ferð á sýninguna með þær væntingar og þá þekkingu. Sama á við um fræga listamenn sem „allir vita“ að eru góðir, eins og Kjarval eða Erró. En svo kemur það inn á sýningar minna þekktara listamanna og áttar sig ekki á samhenginu

Já, ég held það, og einfaldasta leiðin sem safnafólk hefur til að fá til sín fjölda gesta, er að vera alltaf með aðgengilegar „blockbuster“-sýningar sem taka fyrir það sem fólk telur sig þekkja eða veit að er gott. Hvort það er menningarlega ábyrgt af söfnum er annað mál. Það sem ég tel að sé áskorunin í þessu safni er að þjóna eigendum þess, sem sagt þjóðinni, með því að koma þeim á óvart og víkka út rammann. Það er erfitt og tekst ekki alltaf enda er listin lifandi afl og ekki hægt að vita fyrir víst hverjar viðtökurnar verða. Það er tilraunastarfsemi. Þegar ég fer á þjóðarlistasöfn erlendis þá finnst mér góð söfn vera þau sem geta í senn sýnt sinn Rembrandt eða Turner, en bjóða á sama tíma upp á eitthvað annað sem maður vissi ekki sjálfur að mann langaði að sjá og setur kanónuna í annað ljós, að láta hana tala til samtímans. Það er kannski klisja að láta eldri list tala til samtímans, en þá reikar hugurinn aftur til Shakespeares og allra þessara sýninga á verkum hans sem reyna að halda í gæði textans



en á sama tíma prófa og finna gildi þeirra í samtímanum. Þetta finnst mér áhugavert að reyna að gera í safninu og er skemmtilegt verkefni.

Hvernig vitið þið á hverju fólk hefur áhuga og hvort sýning hafi skilað árangri?

Nú er ég nýkomin hingað svo ég hef ekki getað fylgst með því sjálf í gegnum tíðina, hér er því miður of takmarkaður tími og mannaflí til slíkra mælinga. Þetta eru svona hlutir sem gætu verið samvinnuverkefni milli stofnunarinnar og háskóla, þar sem nemendur gætu rannsakað upplifun safngesta í samstarfi við safnið. Öðru hverju, í eitt til tvö ár í senn, hafa verið gerðar viðhorfskannanir og fleira, en ekki árlega. Sem sýningastjóri lít ég á það sem mikilvægan þátt í ákvarðanatöku hvernig stofnun almenningur vill að þetta sé. Ég hefði kannski ekki gert það í mínu fyrra starfi í Nýlistasafninu, af

því að það er ekki opinber stofnun í eigu þjóðar. Þar er maður að hugsa um aðra hluti en hérna finnst mér það algjörlega eðlilegur þáttur. Þá eru svona mælingar mikilvægar. Í augnablikinu, eftir fimm mánuði í starfinu, fæ ég slíkar upplýsingar úr samtölum við starfsfólk í móttöku, sem á í persónulegum samskiptum við hvern safngest. Það fást ýmsar gagnlegar upplýsingar í gegnum samræðu, sem skila sér ekki alltaf á eyðublaði eða í þátttökukönnunum.

Þetta eru þættir sem eru á dagskrá en margir hlutir eru ofar á forgangslista hér. Það er fyrst og fremst að geta sinnt betur listfræðirannsóknum. Listrannsóknir eru gjarnan hluti af starfssviði sýningastjóra, sem tengir saman fjölmarga þætti innan stofnunarinnar. Það er ekki nóg að hengja upp falleg verk heldur er mikilvægt að miðla sögu þeirra og

staðsetja þau í menningarlegu samhengi okkar, sem færir jafnframt rök fyrir ákvarðanatöku stofnunarinnar um innkaup verka og uppsetningu sýninga. Það er mikilvægt í sýningastarfseminni að skapa aðstæður þar sem gesturinn gengur inn í einhverja hugsun og samhengi en ekki bara sjónrænt umhverfi. Það krefst mikillar rannsóknarvinnu svo vel sé. Nú sé ég að til þess að við, starfsmenn safnsins, getum sinnt starfi okkar eins og við vildum gera og lagalegt hlutverk stofnunarinnar kveður á um, þyrftu að vera þrír eða fjórir starfskraftar í viðbót hér, með sérþekkingu í listfræðum, forvörslu og listasögu, auk betri fjárhags og aukins rýmis. Með öðrum orðum þá erum við flestöll að vinna nótt og dag, en náum samt ekki að áorka öllu sem þyrfti. Við í safninu erum þessa dagana að leggja drög að málþingi, sem við munum boða til þann 24. janúar 2015, fyrir okkar



fagumhverfi, safnafólk, myndlistar-fagfólk, menningargeirann og þá stjórnámálamenn sem geta haft áhrif á fagið, til þess að skýra og ræða stöðu Listasafns Íslands nú á 130 ára afmæli þessarar merkisstofnunar.

Af því að þú varst að spyrja um alþjóðlegar sýningar, að safnið hefði meiri burði til að standa fyrir þeim en sjálfstætt starfandi sýningastjórar, þá er svarið í raun bæði já og nei. Safnið hefur yfir þessari stórkostlegu safneign að ráða og nýtur virðingar í samfélaginu. Það þykir eftirsóknarvert fyrir listamenn að eiga verk í safneigninni og sýna verk sín hér og það er heilmikils virði. Ég myndi segja að þessir þættir geri það að verkum að safnið eigi góða möguleika í umsóknum um alþjóðlega styrki og við reynum að sækja um slíka. En til þess að komast á þann stað að vera komin með verkefni sem á góðan möguleika til

þess að hljóta slíka styrki, þá þarf að vinna ákveðið rannsóknarstarf og það reynist okkur nokkuð erfitt vegna mannfæðar og þröngs fjárhags. Þetta er vítahringur sem fleiri stofnanir þekkja. En svo er það líka þetta traust og trúverðugleiki stofnunarinnar sem gerir okkur kleift að fá verk lánuð frá erlendum söfnum, söfnurum og galleríum, þótt reyndar geti trygginga- og flutningsgjöld orðið há. En listasöfnin eru almennt að veikjast í samburði við sýningarstarfsemi einkasafnara og völdug gallerí, og þó maður eigi ekki endilega að taka mest mark á svona hlutum, þá eru það að mestu leyti listsafnara og sýningastjórar sem teljast, auk listamanna, til valdamestu aðila alþjóðlega myndlistarheimsins. Þannig að þetta er svona dálítið stærra mengi en þessi stofnun eða stofnanir í þessu landi. Þetta er þróunin alls staðar á okkar kapítalísku tímum.

Hvað kom þér helst á óvart þegar þú byrjaðir að vinna hérna?

Ég verð að viðurkenna að það kom mér á óvart hversu þröngur fjárhagsrammi stofnuninni er búinn. Ég vissi fyrirfram að hér væri ekkert allt of mikið að vinna úr peningalega en ég hafði ekki áttað mig á hversu lítið. Það eru ótalmargir grunnkostnaðarliðir sem fólk gerir sér ekki endilega grein fyrir.

Er það eitthvað svona ákveðið við íslenska myndlist sem þig langar að ýta undir eða hampa?

Mér finnst að það hafi verið tekið mikilvægt skref í áttina að því að hlúa betur að rafmiðlum með stofnun Vasulka-stofu nú í október síðastliðinn. Vonir okkar, væntingar, markmið og kraftur fer þar annars vegar í að efla vitund þjóðarinnar um þessa merkilegu listamenn, Steinu og Woody Vasulka, og hins vegar í að efla varðveislu, miðlun og almennt fagumhverfi vídeó- og rafmiðla. Þar byggji ég sjálf á reynslu af eigin listsköpun og starfinu í Nýlistasafninu, stofnun sem hefur lengi verið vettvangur fyrir raf- og gjörningalist og heldur utan um vaxandi arkív um vídeolist og gjörninga. Ég þekki ágætlega þróun þess sem áður voru kallaðir nýmiðlar en eru auðvitað ekki nýir miðlar, heldur kom sjónvarpslist fram á sjónarsviðið fyrir rétt tæpum 60 árum síðan og vídeóið skömmu síðar. Stærri listasöfn erlendis byrjuðu fyrir löngu að safna og varðveita vídeó- og raflist en við eigum lengra í land hér. Það er ánægjulegt, eins og við upplifðum við opnun Vasulka-stofu, að vera ekki bara að krasa í bakkann, heldur geta tekið þátt í og lagt til málanna í alþjóðlegri samræðu um vídeó- og raflist, en ekki bara hlaupið á eftir hugmyndum annarra. Vasulka-stofa er á glæsilegum byrjunarreit og hefur mikla möguleika,

sem við vonum að geti orðið listamönnum, sem vinna með vídeó- og raflist, hvatning og skapað þeim vettvang í nánustu framtíð.

En þú ert líka í skemmtilegri stöðu, þú hefur unnið út frá svo mörgum hliðum í þessum listheimi og það hlýtur að móta þitt starf hér

Já, það gerir það, auðvitað hefur allt það sem maður hefur reynslu af eða þekkingu á áhrif á það sem maður gerir, sérstaklega í skapandi starfi. Ég er líka meðvitað um að ég kem inn í stofnunina sem allt þetta; listamaður-sýningastjóri-menningarframleiðandi. Ég finn að mér er tamt að hugsa út frá ákveðnu grasrótarhugarfari hérna inni í stofnuninni. Í öllum hornum fer ég að hugsa um hvernig megi spara hér og þar, svo hægt sé að auka fjármagn í sýningarnar, rannsóknir, listsköpunina og listmiðlunina. Það er forgangsruðin sem ég vil vinna að innan stofnunarinnar og samstarfsfólk mitt líka. Með nýju fólki koma nýir síðir, ég kem hingað inn með aðrar áherslur og hugmyndir varðandi hvernig mín kynslóð og þaðan af yngri vilja nálgast listastofnanir, sem notendur, neytendur og njótendur. Þegar ég áttáði mig á að mig langaði í þetta starf, var það ekki síst af því mér finnst spennandi og áhugavert, með bakgrunn í samtímalistinni, að (endur)uppgötva eldri listamenn, fá tækifæri til að kynna verkunum og hugarheimi þeirra betur og finna sjálf sterkari tengingu við annan tíma. Ég hugsaði með mér að þetta væru góð rök fyrir

að langa að starfa við að miðla gildi verkanna til okkar samtíma. Að láta Þórarín B. Þorláksson eða Þóru P. Thoroddsen tala við okkur í dag.

Svo tekur það tíma. Um leið og verk-in eru skoðuð sér maður að þau eru nóg, það þarf oft ekki að gera meira. Það sem þarf að gera er að fá fólk í safnið á réttum forsendum, ekki að lokka fólk á staðinn á fölskum forsendum, heldur vekja áhuga þess á að láta á reyna. Það tekur mig töluverðan tíma að kynna safneigninni og sjá út hvernig megi miðla nýjum flötum á henni.

Eruð þið að vinna með öðrum stofnunum?

Já, þessa dagana er ég m.a. að vinna að sýningu sem opnar í upphafi næsta árs með hópi danskra myndlistarmanna og með þeim starfar sjálfstætt starfandi sýningastjóri, sem ég vinn með hér. Þessi sýning mun svo ferðast á milli listasafna. Um miðbik árs verður hér stór samsýning, byggð að mestu leyti á verkum íslenskra listamanna, sem var sett upp í listasafni í Þýskalandi í fyrrasumar. Sýningin fer svo til Kumu-safnsins í Tallinn í Eistlandi og á fleiri staði. Svo eru önnur verkefni undir lok árs og 2016 sem unnin eru í samstarfi við menningarstofnanir í Reykjavík, Kaupmannahöfn og víðar.

Maður er vanur því erlendis í sambærilegum söfnum að það sé föst sýning á innlendri list, en hér eru ekki endilega alltaf íslenskar sýningar

Já, þetta er erfitt hér vegna húsnæðisskorts. Mig langar að gera safneigninni hátt undir höfði og ég tel það eðlilega kröfu þjóðar að hún fái aðgang að eignum sínum. Ég vil sjálf, sem gestur á þjóðarlistasafni erlendis, sjá list heimamanna og hvað það er sem endurspeglar sögu þjóðar, og hvernig safneignin hefur myndast. Uppruni þjóðarsafneigna er oft ólíkur en þá vill maður líka sjá það, söguna sem hefur átt sér stað. Safneignin hér er að miklu leyti byggð á verkum eftir danska listamenn svo það væri sögufölsun að kynna hana sem safneign íslenskra listamanna. Enda hefur það ekki verið gert, samanber sýningu í fyrra sem sýndi verk úr stofngjöf-inni, dásamleg verk eftir erlenda listamenn. Svo spilar inn í að mörg verka safneignarinnar eru staðsett í opinberu rými og sendiráðum svo að safnið teygir líka anga sína út fyrir safnbygginguna.

Hvað vilt þú leggja til?

Ég kom ekki hingað með rosalegar yfirlýsingar eða fastar hugmyndir um hvað ég vildi gera, en einn af fjölmörgum þáttum sem mér finnst mikilvægur er að staldra við hugtakið þjóðarlistasafn, þjóð og þjóðerni. Þá er ég að hugsa til allra þessara þjóðarbrotu í samfélaginu og á hvaða hátt þessi stofnun getur stofnað til samræðu við fólk á öllum stigum samfélagsins. Ég reyni að fylgjast með á hvaða hátt önnur listasöfn koma til móts við, endurspeglar og hafa áhrif á breytta þjóðfélagsmynd. Auðvitað eiga mun stærri stofnanir í margaþættari samfélögum erfitt með

Það. Ég man ekki eftir menningarstofnun sem er með algjörlega rétta formúlu sem hægt er að fara eftir. En svo erum við í sérstakri aðstöðu hér að mörgu leyti, við erum kannski eftir á í umræðu um innflytjendur og menningarpólítík þeim tengdum af því hún á sér stað seinna hér en víðast hvar í Evrópu. Hér á landi eru ekki margir myndlistarmenn að fjalla um þessar breytingar sérstaklega, sem við erum öll að ganga í gegnum, en mér þætti þó góð leið fyrir listasafn að láta listamennina sjálfa leiða umræðuna.

Það er auðvitað margt framundan hjá þér, er eitthvað sem þú hlakkar sérstaklega til?

Ég hlakka bara til að mæta í vinnuna á hverjum degi. Mér finnst mjög ánægjulegt að fást við sem flestar hliðar myndlistarinnar. Mér var strax frá byrjun sýnt mikið traust af safnstjóra og samstarfsfólki mínu hér í safninu, sem mér þykir vænt um og maður vill fara vel með, en jafnframt vera meðvitað um að pota aðeins í þessa stofnun, þ.e.a.s. að taka áhættu sem maður trúir á. Það er meira það en ákveðin sýning sem ég læt mig dreyma um að framkvæma hér. Það eru meira hlutir sem hafa með menningarlegt gildi að gera sem mér finnst mikilvægt að svona stofnun haldi vel utan um. Að safnið sé gríðastaður listræns frelsis, vettvangur listsköpunar og listmiðlunar og líti á sig sem þjónustumiðstöð, heilbrigðisstofnun andans! Það er mikilvægt að líta ekki framhjá réttmætum kröfum sem almenningur gerir til stofnunarinnar. En svo

er það líka að vera ekki þjónandi í merkingunni „ókei gerum bara það sem þið viljið“, heldur líka að taka að sér þá ábyrgð að leggja línurnar. Það þýðir líka fyrir mig að fylgjast með og taka þátt í samtali við alþjóðlega myndlistarheiminn. Að safnið sé ekki geymsla og taka ekki stöðugleika sem sjálfsögðum hlut. Og vera ...

Ögrandi?

Já, kannski að vissu leyti en mér finnst fara samtímalistasöfnum betur að taka sér ögrandi hlutverk. Auðvitað getur þjóðarlistasafn verið ögrandi á annan hátt en að listin sem það sýnir sjokkeri. Helst þykja listasöfn kannski ögrandi þegar þau gera eitthvað sem fólk telur að grafi undan trúverðugleika safns, hugmyndinni um safn eða hlutverki safns í samfélaginu. Listin er samt alltaf róttæk í sjálfri sér, og það að starfa sem listamaður og taka sér það frelsi að gera og segja allt sem maður vill, er ögrun við viðtekna venjur, valdið og reglufestuna.

Ögrun getur falist í svo mörgu, setja til dæmis gömul verk í nýtt samhengi

Listasöfn fyrir 50 árum voru að mörgu leyti geymslustaðir en núna eru núna orðnir vinnustaðir. Núna eru að opnast nýjar leiðir fyrir listasöfn og byggðasöfn að opna starfsemi sína meira fyrir almenning og að geta stofnað til samstarfs og tenginga við aðrar greinar. Það er ákveðið *zeitgeist* og ögrar sjálfsagt mörgum sem vilja að þjóðargersemur séu ósédar og lokaðar inni í

bankahvelfingum, til öryggis. Ég tel að nýtt nám sem er hér í boði, og fyrri reynsla starfsfólks sem kemur nýtt inn á eldri stofnanir, geti haft mikil áhrif þar á. Ef ég tek sjálfa mig sem dæmi, mín afstaða til starfs míns hjá þessari stofnun móttast af mikilli virðingu fyrir sögunni, listaverkunum og framlagi listamannanna og listfræðinga. En mér finnst líka mikilvægt að við getum í eyðurnar og leikum okkur með menningararfinn, leyfum honum að verða efni til frekari sköpunar. Ef ég sæti til dæmis hérna með Þórarni B. Þorlákssyni, hvað myndi hann leggja til? Listamenn fyrri tíma voru ekki síður róttækir en listamenn í dag. Mér finnst mikilvægt í safnastarfi að gefa sér leyfi til þess að fara ekki öruggustu leiðina í öllu og þora að vinna með eldri list og sögulega muni á spennandi hátt. Þetta er annar þáttur sem hefur verið að breytast á síðustu 15 árum almennt á söfnum, í kjölfar sprengju í áhuga almennings á alls kyns söfnum, tæknilegra framfara og uppgangs hins svokallaða upplifunariðnaðar. Ég myndi alls ekki kalla það virðingarleysi, heldur hluta af okkar menningarlegu þróun.

Viðtal: Guðrún Dröfn Whitehead, safnafræðingur

Starfsmaður úti á túni

Það eru nú liðin nokkur ár síðan ég hóf störf á Árbæjarsafni og þá í hlutverki leiðsögumanns að sumarlagi. Hlutverk mitt var að hafa gætur á safnhúsunum sem og að fræða gesti og gangandi um sögu Reykjavíkur í tíma og rúmi. Þetta voru bjartir og fagrir dagar, þar sem iðjagræn tún og virðuleg safnhús frá ýmsum tíma sköpuðu umgjörð hversdagsins. Leiðsögumönnum voru úthlutaðir vandadur búningar og klæddist ég fagurbláum upphlut í anda 19. aldar með skósíðu svörtu pilsu, hvítu skyrtu, röndótttri svuntu og rauðri skotthúfu sem passaði svo ansi vel við rauðar fléttur mínar. Á námskeiðinu, sem safnið hélt fyrir verðandi starfsmenn, var mikið lagt upp úr því að við temdum okkur kurteisi í samskiptum við gestina og ekki mættum við gleyma brosinu góða og bjóða góðan daginn. Einnig að reyna eftir fremsta megni að stuðla að aðgengi fyrir alla að safninu og safneign þess þar sem því var fyrirkomið. Með þessi markmið að leiðarljósi héldum við af stað út á akurinn.

Það var því einn bjartan sumardag í júlí að ég stóð fyrir utan safnhúsið Suðurgötu 7 í mínum fína upphlut og mundaði þrjónana í daufri tilraun við að koma mér upp hyrnu fyrir veturinn. Dreif þá að hóp erlendra gesta sem flestir voru sjónskertir eða blindir. Leiðsögumaður hópsins tók að útskýra af miklum mótð búninginn sem ég klæddist og spunnust miklar umræður um hann. Leiðsögumanni hópsins var mikið í mun að koma einum eldri manni í skilning um það hvað myllur á upphlutsvesti væru og áður en ég vissi af léku hendur þeirra beggja um vestið og það full lengi. Nú voru góð ráð dýr. Ég sá fram á 40 hendur að þukla á „myllunum“ og þótti mér það helst til djarft þrátt fyrir kröfurnar um „aðgengi fyrir alla“. Með bros á vör brá ég á það ráð að stökkva inn í búningastöðuna og sækja upphlutsvesti sem ekki var í notkun og gátu þá allir þuklað að vild. Já, starfsmaður úti á túni deyr ekki ráðalaus.



Helga Maureen Gylfadóttir,
Borgarsögusafni

Safnaverðlaunin

Uppruna Íslensku safnaverðlaunanna má rekja til þess að um síðustu aldamót leitaði Íslandsdeild ICOM (alþjóðarráðs safna) eftir samstarfi við Félag íslenskra safna og safnamanna (FÍSOS) um að veita árlega einu safni viðurkenningu fyrir faglegt starf. Fyrirmyndir verðlaunanna voru sóttar til Norðurlandanna og til safnaverðlauna Evrópuráðsins. Markmiðið var frá upphafi að efla og hvetja söfn til að rækja starf sitt og hlutverk á framsækin og áhugaverðan hátt og vekja athygli á því sem vel er gert á íslenskum söfnum. Kristín Guðnadóttir, þáverandi formaður Íslandsdeildar ICOM, dreif þetta verkefni áfram og má kallast guðmóðir verðlaunanna.

Aðferðin við val á vinningshafa var í fyrstu nokkuð frábrugðin því sem nú er, en leitað var til safna sem voru aðilar að félögunum og þau spurð hvort þau vildu vera í úrtaki fyrir verðlaunin. Svo fór að Síldarminjasafnið á Siglufirði hreppti verðlaunin fyrst allra og fór verðlaunaafhendingin fram í tengslum við farskóla safnamanna í Hafnarfirði. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin við athöfn á Bessastöðum.

Allt frá upphafi verðlaunanna hefur dómnefnd sett saman rökstuðning þar sem þeir þættir í starfsemi safnsins sem þykja skara fram úr eru tilgreindir. Með þessu er vakin athygli á því sem vel er gert og öðrum veittur innblástur til að fylgja góðu fordæmi.

Verðlaunagripurinn, gylltur skjöldur með merki verðlaunanna, var hannaður af Sigríði Bragadóttur, grafískum hönnuði. Innblásturinn að merki verðlaunanna sótti hún til bókahnúta í Guðbrandsbiblíu. Skjöldur-

inn er enn með sama sniði og er veittur til eignar. Síðan 2008 hafa þau söfn sem tilnefnd hafa verið einnig fengið viðurkenningarskjál.

Verðlaunin voru veitt árlega frá 2000 til 2003 en annað hvert ár eftir það.

Árið 2005 var skipuð nefnd sem fékk það hlutverk að skoða árangur af veitingu verðlaunanna. Niðurstaðan var sú að innra starf safnanna hefði fengið aukna athygli sem auðveldaði forsvarsmönnum þeirra að sækja fé í þann þátt starfseminnar. Nefndinni þótti þó ástæða til að nýta verðlaunin betur til að vekja almenna athygli á söfnunum og gera safnastarf sýnilegra í samfélaginu.

Nefndin lagði til að fyrirkomulagi á vali verðlaunahafa yrði breytt og það opnað. Í stað þess að fá tilnefningar eingöngu frá safnmönnum skyldi auglýst opinberlega eftir tilnefningum.

Verðlaunin hafa síðan verið afhent af forseta Íslands á Bessastöðum annað hvert ár á íslenska safnadaginn, sem er annar sunnudagur í júlí.

Almenningur hefur tekið vel við sér og dómnefnd hafa ávallt borist fjölmargar tilnefningar um söfn af ýmsu tagi. Val dómnefndar hefur miðast við söfn sem uppfylla skilyrði safnalaga og fara að síðareglum ICOM eða eins og nú síðast verkefni sem unnið er í samstarfi fjölmargra safna.

Árið 2014 sótti Íslandsdeild ICOM um styrk úr safnasjóði til að standa að framkvæmd verðlaunanna og veita verðlaunafé. Styrkur að upphæð 1.400.000 kr. var veittur úr sjóðnum og hefur þá enn ein tillaga nefndarinnar frá 2005 orðið að veruleika.

Viðurkenningin sem felst í verðlaununum er bæði heiður og hvatning söfnunum þrem sem hljóta tilnefningu ekki síður en því safni sem hlýtur verðlaunin. Verðlaunin vekja athygli á þeim framúrskarandi verkefnum sem unnin eru af íslenskum söfnum.



ÞEIR SEM HLOTIÐ HAFNA VERÐLAUNIN ERU:

2014: Rekstrarfélag Sarps

Auk þess voru tilnefnd: Þjóðminjasafn Íslands og Hafnarborg.

2012: Byggðasafn Suður-Pingeyinga, Húsavík

Auk þess voru tilnefnd: Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Einars Jónssonar

2010: Nýlistasafnið

Auk þess voru tilnefnd: Byggðasafn Skagfirðinga og Heimilisíðnaðarsafnið á Blönduósi

2008: Byggðasafn Vestfjarða á Ísafirði

Auk þess voru tilnefnd: Safnasafnið á Svalbarðsströnd og Minjasafnið á Akureyri

2006: Minjasafn Reykjavíkur

2003: Þjóðminjasafn Íslands, myndadeild

2002: Byggðasafn Árnesinga

2001: Listasafn Reykjavíkur, fræðsludeild

2000: Síldarminjasafnið á Siglufirði

Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs

f ym hundrud Dyra Op þiorun
 I tnon soa hygg ek walhyoll vera
 Jatta hundrud einheria ganga
 einoni dyru I Den þa ee þer þara
 at Witne at Voga
 Herdm heitez geit ee stendar hœllu
 skapt kee hun þylla skal Inz skipta
 meadar kna at Su þrig Danasþ

eikþornor heiter hiofne ee stendar
 holln a 09 þyfir ee 220þs þrum
 þi þornu þyfir þ huezgætti
 Roth 011 soega

VH

eikþornor

midgards Ormuriu



Hvar er þín fornaldarfrægð?

„Viti menn! Skinnbækurnar eru allar farnar sína leið, og það svo rækilega, að engin að gagni er eptir í sjálfum höfuðstað landsins til að sýna útlendum ferðamanni, sem hefir komið hingað um lángan veg til að sjá að minsta kosti eitt handrit af okkar frægu fornsögum; er þetta sómasamlegt?“ (Sig. Guðm. í Þjóðólfi 1862)

Nákvæmlega svona er staðan aftur í dag, þó eru handritin komin heim og hafa verið til sýnis almenningi um nokkurt skeið, en nú er búið að pakka handritasýningunni niður og því er ekki hægt að monta sig af handritaarfnum við ferðamennina sem hafa margir mjög mikinn áhuga á honum. Er þetta sómasamlegt?

Árið 2002 var sett upp sýningin Heillandi heimur handritanna í hluta húsnæðis Þjóðmenningarhússins. Sá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um uppsetninguna. Þúsundir íslenskra skólabarna heimsóttu þessa sýningu í þau ríflega 10 ár sem hún var og hét, og þúsundir ferðamanna líka. Sýningin var hugvitsamlega sett upp, fyrst við innganginn var t.d. sýnt fram á tengslin við þekktar fornminjar í Skandinavíu og dregnar upp myndir af frægum fornum steinum með efni Völsungasögu. Þar næst voru upplýsingar um ferðir fornanna, myndskreytingar úr handritum og sýnt fram á tengslin við nútíma teiknimyndasögur.

Myndbandið sem sýndi heimkomu fyrstu handritanna 1971 gerði mig alltaf meyr, því þarna hafði maður

jú staðið á hafnarbakkanum og orðið vitni að þessum stórviðburði. Höfðu danskir gestir sérstaklega gaman af þessu myndbandi, þekktu þar helstu ráðamenn sína frá þessum tíma, misvinsæla eins og gengur. Þarna mátti sjá Helge Larsen, þáverandi menntamálaráðherra Dana, rétta fram tvo stóra pakka og segja hin fleygu orð „Flatøbogen, vær så god.“ Helge Larsen var ómaklega uppnefndur af uppreisnargjörnum dönskum háskólastúdentum Onde Helge. Ég segi dönskum ferðamönnum alltaf að hér á landi sé hann kallaður Gode Helge.

Næst á sýningunni var rökkvað sérrými þar sem sjá mátti valin handrit, þar á meðal höfuðdjásnin, Snorra Eddu og Flateyjarbók. Í lokin var kynningarstofa þar sem sýnd var verkun á skinnnum til handritagerðar, og þar gátu börn (og fullorðnir) prófað að skrifa með fjadurstaf og sortulyngsbleki.

Nú er þessi sýning horfin og allar hinar sem Þjóðmenningarhúsið hýsti. En hvað með handritin?

Hús íslenskra fræða átti að rísa við Arngrímsgötu og hýsa Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum,

sem er dreifð á fjóra staði í dag. Þarna áttu að vera ýmis sérhönnuð rými fyrir varðveislu, rannsóknir og ekki síst nútímalega sýningu á fornu íslensku skinnhandritunum. Skóflustungan var tekin vorið 2013 og átti framkvæmdin að taka þrjú ár. Ný ríkisstjórn tók við völdum skömmu síðar og sló verkefnið af um óvissa framtíð. Í eitt og hálf ár hefur blasað við húsgrunnur fullur af vatni, sem gárungarnir kalla „hina votu gröf íslenskra fræða“. Það verður því nokkur bið á því að við sjáum hina nútímalegu sýningaradstöðu sem til stóð að setja upp á handritunum „okkar“.

En hefði nú orðið af byggingunni, hefðum við fengið gullinn þríhyrning íslensks menningararfs, sem markast af Þjóðarbókhöðunni með sinn mikilvæga handritaarf, Þjóðminjasafninu með helstu þjóðminjum Íslendinga og Húsi íslenskra fræða með Árnastofnun og skinnhandritin. Allt svo gott sem á sömu torfunni. Eins og skáldið sagði: Það er svo bággt að standa í stað, / og mönnum munar / annaðhvort aftur á bak / ellegar nokkuð á leið. Hér hefur mönnum svo sannarlega munað nokkuð aftur á bak.

BERLÍNARFERÐ SAFNAMANNA



Á haustdögum hélt hópur safnamanna til Berlínar til þess að sækja hinn árlega farskóla FÍSOS (Félag íslenskra safna og safnamanna). Hópurinn samanstóð af 110 safnmönnum af öllu landinu og var tilgangur ferðarinnar að skoða söfn og sýningar í Berlín, en þar má finna hvorki meira né minna en 179 söfn. Einnig var farið í skoðunarferðir og vinnustofur heimsóttar.

Til Berlínar var komið á sunnudagseftirmiðdegi og eftir að hafa gætt sér á dýrindis og ekta, allavega ekta þýskum kebab, hélt einn hópurinn í fyrstu safnaheimsóknina, en hún var í Bauhaus Arkiv hönnunarsafnið. Safnið helgar sig sögu og hugmyndafræði Bauhaus-skólans, í byggingu sem teiknuð var af Walter Gropius. Glæðlegur hópur arkaði á safnið, sem við, eftir nokkurt stjórnleysi og ringulreið á ókunnum gatnamótum, fundum að lokum. Á móti hópnnum tók leiðsögumaður sem af miklum áhuga sagði okkur



Berlínarsaga

frá sögu safnsins og framtíðaráformum en í bígerð er að endurbæta sýningar og byggingu. Sýningin sjálf gaf ágæta yfirsýn yfir Bauhaus-skólann og eru allir helstu lykilgripir hans til sýnis, meðal annars Wasilly-stóllinn og Bauhaus-lampinn. En mér fannst ekki skila sér í sýningunni hversu mikill áhrifavaldur Bauhaus hreyfingin var og er í sjónlistarheiminum. Sýningarrýmið er lítið og sýningin er gömul, eða frá 1979. Það verður sannarlega áhugavert að heimsækja safnið eftir endurbætur en verklok eru áætluð árið 2019.



Þetta sama kvöld var hópnum boðið að skoða vinnustofu Egils Sæbjörnssonar listamanns sem hefur um árabil starfað í Berlín og hefur til umræða ljómandi skemmtilega vinnustofu sem áður hýsti prentsmíðju. Egill er einstaklega fjölhæfur listamaður og tónlistarmaður og það var alveg óviðjafnanlegt að fá að koma og skoða það sem hann er að gera. Nokkrum af hann frábæru vídeóverkum og skúlptúrum var komið fyrir á vinnustofunni, okkur til ánægju og upplifunar.

Að heimsókn lokinni gafst okkur svo tækifæri til að skoða magnað þrívíddar-vídeóverk, Steinkugel, sem Egill setti nýlega upp við Robert Kock-stofnunina í Berlín.



Mánudagurinn rann upp bjartur og fagur, nú skyldi haldið í fjögurra tíma ferð um Berlínarborg í tveggja hæða strætó með leiðsögumanni. Keyrður var góður hringur um Berlín og stoppað tvisvar, fyrst við minningargarð fallinna sovéskra hermanna í Tiergarten og síðan við minnismerkið um Helförina eftir bandaríska arkitektinn Peter Eisenman. Minnismerkið samanstendur af 2711 steypukubbum sem eru misháir, allt frá 20 cm að 4,8 m. Eisenman segir sjálfur að verkið eigi að kalla fram óþægilegt og ruglingslegt andrúmsloft í vel skipulögðu kerfi sem hefur misst alla tengingu við hið manneskjulega í veröldinni. Upplifunin er sérstök, þú hálf týnist í skipulaginu, og ef horft er á minnismerkið að utan minnir það óneitanlega á kirkjugarð.



Eftir vel heppnaða skoðunarferð var haldið á DDR safnið sem sjálft segist vera „gagnvirkasta“ safnið í Berlin! DDR er einkasafn sem gefur sig út fyrir að segja frá daglegu lífi íbúa Austur-Þýskalands. Safnið var opnað árið 2006 og fær um 500.000 heimsóknir á ári! Mikill fjöldi safngesta var þar þegar okkar 70 manna hópur birtist, því má með sanni segja að safnið hafi verið stappað þegar við vorum öll komin þar inn. Leiðsögumaðurinn okkar var ung kona með kókflösku í hendi, sem ég gerði ráð fyrir að hefði einhver úslitaáhrif í leiðsögninni, en svo var ekki, hún hefur bara verið þyrst blessuð stúlkan. Vegna fjölda gesta inn á safninu gekk leiðsögnin hálf brösulega, lítið heyrðist og fólk sá ekki mikið. Stúlkan með kókflöskuna lagði mikla áherslu á hversu hræðilegt það hafi verið að búa í Austur-Þýskalandi, aðallega með tilliti til ljótra gallabuxna og látlausra húsakynna. En safnið sjálft fannst mér nokkuð skemmtilegt og sýningarhönnunin áhugaverð, kannski einum of margir



hlerar að lyfta og skúffur að opna, en það er sjálfsagt hluti af gagnvirkni-inni! Safnið er lítið og mjög „bissi“ bæði af mannfólki og svo er mikið að gerast á sýningunni. Ljós, kvikmyndir, hljóð, o.s.frv. Á heildina lítið fannst mér sýningin skemmtileg og nokkuð fróðleg, en kannski ekki mjög djúp og sagan nokkuð einhliða.



Þriðjudagur rann upp, það var sól og 25 stiga hiti alla dagana sem við dvöldum í borginni. Tvö söfn voru á dagskránni í dag, Þýska tæknimínjasafnið (Deutsches Technikmuseum) og Þýska sögusafnið (Deutsches Historisches Museum). Hópurinn lagði af stað með U-baninu, neðanjarðarlest Berlínarbúa, og tók ferðin örskamma stund. Það sem greip augað þegar komið var á áfangastað var heil flugvél sem bókstaflega flaug út úr byggingunni, stórfengleg sjón! Á móti okkur tóku þær Íris og Svenja en þær stýra fræðslu og móttöku gesta á safninu. Þær gáfu okkur góða innsýn í það hvernig sú fræðsla og móttaka hópa fer fram. Áhersla er lögð á að kynna tæknimínjar í samhengi við þjóðfélagið, söguna og menninguna. Þá er lagt upp með að gestir geti spurt gagnrýnna spurninga og hugsað um áhrif tækninnar til góðs eða illis. Þær lögðu líka áherslu á að þegar settar væru upp sýningar þá spyrji

“

BERLÍN ER BORG MIKILLAR SÖGU

Í Pergamon-safninu geta gestir dádast að ótrúlegum fornminjum en gleðin er blandin. Þetta er ekki bara saga um forna menningu, heldur líka saga um hvernig mínjar fjarlægjar menningar voru fluttar í glæsimumsteri evrópskrar heimsvaldastefnu. Fyrir dyrum standa vídamiklar víðgerðir á húsnæði safnsins og sýningum. Það verður spennandi að sjá hvernig nýjar sýningar endurspeglar þessi tvö lög sögunnar.

Þegar kemur að tækni þá skín sól hinnar þýsku menningar skært. Á Tæknimínjasafni Berlínar voru frábærlega vel framsettar sýningar um þýska tæknisögu en þær voru ekki settar fram sigri hrósandi heldur miklu fremur á lágstemmdari nótum, þar sem spurt var um gildi tækninnar og hvatt til gagnrýnins sjónarhorns.

Hlýlega var tekið á móti okkur í þýska sögusafninu. Safnið var vel skipulagt og þægilega uppsett en það virkadi frekar kalt á mig. Kannski var það vegna þess hve mikið var af áberandi málverkum í skrautlegum römmum sem sýndu ábúðarmikla einstaklinga belgja sig út í rýmið, yfirstéttin sannarlega í sínum gullstólum.

Ég heimsótti líka tvö söfn sem sérhæfðu sig í sögu Austur-Berlínar, DDR-safnið og Staasi-safnið. Þótt sögusviðið og tímaramminn væru þau sömu þá var nálgunin ólík. DDR virkadi meira eins og þægileg skemmtiferð aftur í sérkennilegan og fjarlægjan tíma. Þrúganði andrúmsloft Staasi var á sama tíma bæði framandi og óhugnanlega nærri.

Borgin hefur vaxið yfir gömul ör en sagan er á hverju strái, mótsagnakennd, jafnvel yfirþyrmandi. „Hvernig er hægt að segja þessa sögu?“ Mér fannst þessi ólíku söfn gefa margvísleg og áhugaverð svör, heimsókn á þau sýnir hversu megnugar stofnanir söfn geta verið.

Sigrún Ásta Jónsdóttir,
Bygðasafni Reykjaneshæjar

”

“

BERLÍN GERIR FJÖLLIN BLÁ

Það er góð tilfinning að nema í Farskólanum, sem að mínu áliti er alvöru akademía. Mikill fengur að fá að stunda nám með fólki sem vill að öllum gangi vel í prófunum. Og mikið er nú indælt að hafa þessa eyju í fjarska um tíma. Dunda sér ásamt kollegum og kynnast öðrum heimi sem er í raun sami heimur og maður sjálfur hrærist í alla daga. Fara í rútur, þeysast um borg og bý, syngja, uppgötva, fræðast og kætast. Fyllast metnaði yfir öllum möguleikum sem verða augljósir þegar breiðgötur Berlínar afhjúpa samneyti sitt við aldagömul hús, kjallaraholur, endurbýggingar og nýbyggingar. Upplifa djúpstæða niðurlægingu þeirra sem hafa náð sáttum við sögu sína og geta nú horft framan í heimin.

Berlín var tákmynd hins illa þriðja ríkis nazistanna og síðar brennipunktur hugmyndafræðilegra átaka vesturveldanna og sovétblokkarinnar. Að mínu áliti er þessi nútímasaga Pýskalands sérstaklega áhugaverð vegna síðferðilegra álitaefna sem kryfja þarf til mergjar. Fjöldamorð, styrjaldarrekstur og kerfislæg kúgun krefst samhygðar og vandaðra vinnubragna þegar skýra þarf frá þessum atriðum í safnalegu samhengi samtímans. Það var mjög upplýfgandi að sjá hversu víða þetta efni var tekið fyrir og meðhöndlað á mismunandi söfnum. Þetta hefur skerpt áhuga minn á umfjöllun íslenskra safna um atriði sem snúa að (nútíma)sögu Íslands varðandi mismunun og misnotkun á þjóðfélagsþópum hér á landi alveg fram að (og inn í) nútímasögu okkar.

Pétur Kristjánsson,
Tækniminjasafni Austurlands

”

starfsfólk sig alltaf að því hvaða máli umfjöllunarefnið skipti gesti safnsins. Í skólafræðslunni er lögð áhersla á að nemendur skoði hlutina sjálfir og hefur það skapað vissa togstreitu við bekkjarkennara sem eru óvanir því að fræðsla sé ekki sett fram í orðum og með skriflegum verkefnum. Í safninu er einnig aðstæða fyrir nemendur til að rannsaka og spyrja



spurninga. Þessar tvær konur virtust halda uppi alveg ótrúlega frjóu og spennandi fræðslustarfi. Þær voru svo hvetjandi og lifandi, að mig langaði helst að fá að vinna þarna og læra af þeim! Að klukkutíma fundi loknum skoðuðum við safnið á eigin vegum. Ó, þú dýrlega safn, hvað ég varð hufangin af þessu stórkostlega safni! Safnið sjálft er mjög stórt og tókst mér því miður ekki að skoða nema hluta af því, en nógu hrifin var ég nú samt. Áður en ég skoðaði safnið var ég hrædd um að þetta væri leiðinlegt „karlasafn“ því mér fannst orðið tækniminjasafn hljóma eitthvað svo karllægt og óspennandi en það var svo sannarlega hvorugt! Safnið blandar saman munum, náttúrugripum og listaverkum í sýningum sínum og setur það skemmtilega mynd á þær. Safnmunum er líka raðað upp sem listaverkum, t.d. var þar heil röð smábátavéla, fest upp á teina og með því að sýna þær á þennan hátt urðu þær að skemmtilegu listaverki í leiðinni. Alls staðar er gert ráð fyrir börnum, upphækkunar og eitthvað spennandi

að snerta eða prufa fyrir áhugasama krakka. Í stærsta hluta safnsins sem er glerbygging á sex hæðum og opin í miðjunni, mátti svo sjá báta, bíla og flugvélar af öllum stærðum og gerðum. Ótal litlum spennandi örsýningum er svo fléttað inn í stóru sýningar safnsins, sem gefa þeim aukna dýpt og fjalla um skyld viðfangsefni. „Hand-s on“ útfærslur voru margar mjög sniðugar og einfaldar í framkvæmd, m.a. um hvernig eigi að hnýta sjóhnúta, draga segl, lesa í stjörnurnar o.s.frv. Stórskemmtilegt safn, sem er bæði fróðlegt, spennandi og skemmtilegt fyrir alla aldurshópa leyfi ég mér að fullyrða. Þetta safn stóð algjörlega upp úr þeim söfnum sem ég heimsótti í ferðinni, og mig langar aftur til Berlínar, bara til þess að skoða Tækniminjasafnið!

Eftir hádegi heimsóttum við svo Deutsches Historisches-safnið sem er í byggingu sem áður var vopnabúur Prússahers. Þar tók á móti okkur leiðsögumaður sem sagði okkur aðeins frá fastasýningu safnsins og



hvaða hópum safnið tekur á móti. Það tekur m.a. á móti öllum þeim innflytjendum sem sækjast eftir þýskum ríkisborgararétti, en þeir eru skikkaðir í heimsókn á safnið sem hluti af umsóknarferlinu. Sýningin, sem er frá árinu 2006, segir sögu landsins frá um 500 til 1994. Stiklað er á stóru eins og gefur að skilja og einblínt á hersöguna og fannst mér vanta alla tilfinningu eða tengingu inn í sýninguna, textarnir voru þurrir og fjarlægir. Sýningin sjálf var falleg og hefðbundin en einnig mjög karllæg, lítið minnst á konur eða þeirra hlut í sögunni. Notalegt andrúmsloft ríkti á sýningunni og á henni voru fáir gestir, svo auðvelt var að njóta sín og detta inn í sýninguna.

Og enn hélt dagskráin áfram því frá kl. 18.00 var okkur boðið að skoða forvörsludeild Listiðnaðarskólans (Hochschule für Technik und



Wirtschaft). Höfðinglega var tekið á móti okkur og okkur sýndar hinar ýmsu vinnustofur sem voru mjög forvitnilegar. Á einum staðnum var verið að forverja súkkulaði og

“

MARTIN-GROPIUS-BAU:
DIE WIKINGER

Í ferð safnamanna til Berlínar í september stóð heimsóknin til Martin-Gropius-Bau upp úr. Byggingin hýsir sýningar sem eru unnar í samstarfi við söfn á alþjóðavísu og þar starfar metnaðarfullt starfsfólk undir stjórn safnstjóra sem tók höfðinglega á móti hópi safnamanna.

Þann 10. september opnaði sýningin Die Wikinger sem var samstarf milli þriggja safna; Nationalmuseet í Danmark, British Museum og Museum für Vor- und Frühgeschichte. Danska langskipið Roskilde 6 var aðalgripurinn í metnaðarfullri sýningu þar sem notadar voru nýstárlegar aðferðir við að sýna skipið í fullri stærð. Stál var notað í stað vidar sem horfinn er.

Það truflaði mig að munatextar voru einungis á þýsku en fyrir safnalúða með takmarkaða þýskukunnáttu var það frekar óhentugt. Umræður spruttu upp á meðal safnamanna eftir heimsóknina og einhver sagði að þetta væri lenskan í Evrópu. Ekki eru allar hefðir af því góða og þetta er ein af þeim sem mætti gjarnan breyta, sérstaklega hjá safni sem státar sig af alþjóðlegu sýningarhaldi.

Í enda sýningarinnar var vel staðsett safnbúð með söluvænum, víkingalegum varningi sem margur gesturinn hefur án efa gripið með sér heim. Heimsóknin var í heildina lítið vel heppnuð og óhætt að mæla með þessari frábæru sýningu.

Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir,
Borgarsögusafni

”

öðrum heilan sendibíl! Skólinn er öllum tækjum búinn og þar á sér stað sérlega metnaðarfull starfsemi. Ég verð nú að viðurkenna að mitt litla forvörsluhjarta tók nokkur auka slög við það að sjá allar þessar flottu græjur, skólinn átti m.a. sitt eigið röntgentæki! Umhverfi skólans er heillandi, en hann er staðsettur í gömlu uppgerðu iðnaðarhverfi þar sem áður voru framleiddir rafmagnskaplar. Eftir þriggja tíma fróðlega og skemmtilega heimsókn var svo

“

TÆKI OG TÓL

Sterkasta upplifun mín í farskólanum var að heimsækja Hochschule für Technik und Wirtschaft, í Austur-Berlín. Eftir góða kynningu hjá Þóri Ingvarssyni, forvörslunema við skólann, var aðstæðan skoðuð. Gaman var að sjá tilraunastofurnar og tækin. Áhugi minn til áframhaldandi þróunar í mínu starfi hefði verið að fara í nám í svona skóla, en ég yrði víst kominn á eftirlaun þegar því yrði lokið, þó ég byrjaði næst haust.

Annað sem ógleymanlegt var í þessari ferð var að heimsækja Sony Center við Potsdamer Platz, en þar er til húsa Museum für Film und Fernsehen. Eftir frábærar móttökur skoðuðum við safnið. Fengum við að hitta starfsmenn sem eru að vinna með kvikmyndir í eigu safnsins. Í sýningu þess er farið í gegnum sögu kvikmyndanna í Þýskalandi og var ógleymanlegt að koma inn í speglasal þar sem sögu Marlene Dietrich eru gerð skil og sýnd eru fót og bútar úr kvikmyndaferli hennar. Einnig var áhugavert að sjá hvernig þeir sýndu kvikmyndir frá tímum nasismans, þar sem verstu kynþáttahaturskvikmyndunum er komið fyrir í skúffum sem við útdrátt setti sýningu myndbútsins í gang. Fyrir þá sem vildu ekki sjá það var einfalt að ganga áfram.

**Hörður Geirsson,
Minjasafninu á Akureyri**

”



haldið heim á hótél, og voru flestir fegnir að vera þangað komnir eftir 12 tíma stífa dagskrá.

Þá rann upp síðasti dagurinn í þessari dásamlegu menningarborg sem Berlín er. Á dagskránni var að heimsækja The Story of Berlin-safnið sem segir sögu Berlínar síðastliðin 800 ár. Safnið var opnað 1999 og árlega heimsækja það 250.000 manns. Safnið er einkarekið og er fremur sýning en eiginlegt safn og á ekki safnkost og eru flestir munir safnsins eftirlíkingar. Hluti af safninu er þó raunverulegt neðanjarðarbyrgi sem byggt var í kalda stríðinu og á að standast kjarnorkuárás. Byrgið getur hýst og fætt 3600 manns í tvær vikur án utanaðkomandi aðstoðar. Á efri hæð safnsins er sögð saga borgarinnar fram að seinna stríði og fannst mér sá hluti ekkert sérstaklega spennandi. Ljóssum, myndum og munum ægði saman, erfitt að einbeita sér og ná utan um þann hluta. Á neðri hæðinni er svo saga borgarinnar á tuttugustu öld rakin, og skilar sú sýning henni vel, áhugaverðir textar og skemmtilegar leikmyndir. Sérstaklega þótti mér áhrifarík umfjöllunin um múrinn, aðskilnaðinn og hvernig fólk hafði samskipti sín á milli eftir að múrinn var reistur. Safnið nær alveg greinilega til ungu kynslóðarinnar, því það var fullt af ungu fólki sem virtist skemmta sér stórvel.

Um kvöldið var svo árhátið safnanna haldin á veitingastað í borginni og dansað fram á rauða nótt. Skemmtilegri ferð var lokið, og má með sanni segja að hún hafi tekið vel í alla staði. Maður kom heim með hugann uppfullan að hugmyndum og hugsunum sem vonandi eiga eftir að gagnast íslensku safnastarfi á næstu árum!

**Ingibjörg Áskelsdóttir,
Borgarsögusafni**

“

HEILDARSÝN

Ég varð fljótt hugfangin af „geimnálinni“, þessum framandi strúktúr sem virtist frekar eiga heima í vísindaskáldsögu heldur en við hlið gamalla bygginga með árhundraða sögu. Maður býst ekki við geimskipi í Jane Austen-kvikmynd. Leikstjóri slíkrar myndar fengi eflaust skömm í hattinn fyrir að mistakast að skapa heildarsýn. Er heimsborgir eins og Berlín þá kannski ekki með neina heildarsýn? Eða jafnvel meiri heildarsýn en búast má við? Aðrar stórborgir hafa jú vissulega „speisadar“ byggingar, eins og geimnalin í Seattle, endurfundaturinn í Dallas, Burj Al Arab í Dubai og gúrkan í London. Og perlan í Reykjavík.

Svo komst ég að því að gömlu huggulegu byggingarnar voru kannski ekki jafn gamlar og þær litu út fyrir að vera. Nikolai-fjórðungurinn er til dæmis ekta „gamli bæ“ og þröngar götur með krúsidúlluhúsum þar sem sögufrægir menn á borð við Íbsen og Casanova dvöldu einhvern tímann. En þeir bjuggu svo ekkert í þessum húsum. Gömlu húsini voru sprengd upp 1944. Núverandi hús eru nákvæm endurgerð. Einhvers konar Disneyland stórborgarinnar. Já, kannski var búið að leggja meiri hugsun í heildarsýn borgarinnar en ég ranglega ályktaði við fyrstu geimnálsýn. Allar stórborgir þurfa nefnilega gamlan miðbæ, ekki satt?

Heildarsýn? Hvað var ég svo sem að búast við heildarsýn? Í Berlín búa 3,5 milljónir manna. Elstu heimildir um byggð eru frá 12. öld. Varla geta allir þessir einstaklingar sem þar hafa búið deilt sömu heildarsýn? Þótt þeir búi á sama svæðinu, sama reitnum, þá eru þeir ekki eitt. Hvers vegna bjóst ég við heildarsýn?

Á sumum söfnunum var tekið vel á móti okkur með fyrirlestrum um heildarsýn safnstarfsins. Ég var orðin svo heilluð af hugsjónum þessara safna að þegar ég rak augun inn í litla kirkju í Nikolai-fjórðungnum varð ég hlessa. Það var ekki nóg fyrir kirkjuna að vera bara kirkja. Hún var líka „safn“. Nú fannst mér eitthvað vanta. Einhverja heildarsýn. Þvílíkt safnablæti er þetta í Berlín, hugsaði ég með mér. En nú þegar ég hugsa til baka, þá var safnkirkjan kannski bara eins og geimnalin. Endurspeglar kannski fullkomlega ringulreiðina sem einkennir borgir og menningu. Mega söfn, eins og borgir, kannski bara hafa enga heildarsýn?

**Eydís Björnsdóttir,
Þjóðminjasafni Íslands**

”

Gaman er að koma í Keflavík...



Það er mjög viðeigandi að Rokksafn Íslands sé til húsa í Stapa, þeim fræga ballstað. Það heitir reyndar Hljómahöllin í dag og þar er allt í senn, tónleikahús, rokksafn og Tónlistarskóli Reykjaneshæjar. Tvíraðni nafnsins á Hljómahöllinni er virkilega skemmtilegt, enda skipar hljómsveitin Hljóm- ar sérstakan sess í hugum Suðurnesja- manna og landsmanna allra.

Þó sveitaböllin í stóru félagsheim- ilunum séu nú horfin, þá lifa þau í minningu þeirra sem upplifðu þau. Um hverja helgi fylltu ungmenni Reykjavíkur rútur við BSÍ og svo var ekið í Aratungu, Festi, Minni-Borg, Árnes, Flúðir og fleiri staði. Auglýsing í útvarpinu gat hljómað svona á föstu- degi: „Logar í Aratungu á morgun, sætaferðir frá BSÍ.“ Þá voru ballskór- nir dregnir fram og allt gert klárt fyrir skemmtilegt sveitaball á laugar- dagskvöldi. Í Festi í Grindavík komu til dæmis Studmenn fyrst fram. En alltaf var mesta fúttið í Stapa og þar lifði sveitaballamenningin hváð lengst, þar spiluðu meðal annarra undir aldamótin síðustu Greifarnir, Sálin hans Jóns míns og Grafík með Helga Björns. Í dag á ungt fólk á aldr- inum 16–20 ára fá slíka möguleika til góðrar tónlistarskemmtunar um helgar, nema ef vera skyldi að sæl- gætisbarinn í Hagkaupum hafi tekið við af svona útstálsi.



Ég keyrði til Keflavíkur í blámóðu brennisteinsvetnis sem litaði Reykjanesið falletum blátónum, og var álíka hollt lungunum og tóbaks- reykurinn sem fylgdi sveitaböllunum forðum. Á leiðinni raulaði ég lag Póniks og Einars, „Ég bauð þér á ball í Stapa, á því var engu að tapa. Ég held

ég hafi aldrei lent í öðru eins...“, fannst það einhvern veginn eiga við að syngja gamalt popplag á leið í Rokksafnið í Stapanum, þótt ég haldi vart lagi. Ég tók mútter, 87 ára, með mér í sunnudagsbíltúrinn. Hún bað mig vinsamlegast um að hætta þessu söngli.

Strax á bílastæðinu við Hljómahöllina tekur á móti manni tónlist úr hátölurum. Þegar inn er komið býðst gestum að fá i-pað með ítarefni. Í miðjum salnum er komið fyrir stúkuðum hólfum þar sem hægt er að reyna sig við smá bítl á gítar, bassa, hljómborð og trommur. Í hliðarsal eru áhuga-verðar heimildarmyndir og víðtöl, alls þrjú klst., sem hægt hefði verið að eyða hálfum deginum í að skoða. Þarna er líka mixer þar sem gestum gefst færi á að reyna sig við hljóðblöndun lagsins Little Talks með hljómsveitinni Of Monsters and Men. Ekki langt undan eru tréstytturarnar sem listakonan Aðalheiður Eysteinsdóttir gerði af hljómsveitinni Hjálmum.

Á veggjum eru upplýsingar um vinsæla söngva og söngvara og byrjað á ekki minni manni en Jónasi Hallgrímssyni, en kvæði hans urðu fljótt vinsæl til söngs. Síðan er stokkið fram á 20. öldina í einum rykk og taldir fram helstu dægurlaga-söngvarar okkar, bæði á spjöldum og myndböndum, jafnvel sýnd hljóðfæri og fatnaður. Jafnframt eru rifjaðir upp samtímaviðburðir eftir því sem fram vindur tíma. Hefst leikurinn 1930 þegar sett var upp hljóðver frá Columbia í Englandi í Bárubúð og tekur upp 60 hljómplötur með íslenskum tónlistarmönnum á einu bretti. Sama árið er Tónlistarskóli Reykjavíkur stofnaður, en hlutverk

tónlistarskólanna í þróun og framgangi íslenskra tónlistarmanna er ekki bara mikilvægt, heldur hafa þeir markað algerlega nýja þróun sem við njótum góðs af í dag í stórkostlegum tónlistarmönnum sem gefa ekkert eftir því besta í heiminum, bæði í klassík og dægurtónlist. Gott að minnast þess í dag þegar tónlistarkennarar heyja erfða kjarabaráttu.

Spjöldin á veggjunum segja frá ákveðnum tímabilum og inn á milli er einn tónlistarmaður tímabilsins dreginn sérstaklega fram með stækkaðri mynd og meiri upplýsingum, eins og t.d. Haukur Morthens, Ellý Vilhjálm, Raggi Bjarna, Bubbi, Megas og Björk. Hver kynslóð á þarna sinn fulltrúa og móður minni fannst mikið til koma, enda þekkti hún auðvitað hvern mann í MA-kvartettunum og Maríu Markan, Hauk og Ellý, á meðan ég svamlaði í nostalgíu yfir Studmönnum og Sykurmolunum. Og þarna kem ég að því eina sem mér fannst athugavert við þessa sýningu, en það er að það vantar betri merkingar við myndirnar, bæði á veggjunum og á myndböndunum, því á meðan eldri kynslóðin þekkir helst sína eigin kynslóð, sú miðaldra þá næstu og sú yngsta það allra nýjasta, þá gengur þetta ekki upp nema reiknað sé með að farin sé fjölskylduferð á safnið, afi og amma, pabbi og mamma, táningar og börn, og hver útskýri fyrir öðrum. En þetta er nú auðvelt að laga, og stendur víst til bóta. Það hefði t.d. verið gaman að benda á að María Markan, sú fræga óperusöngkona, væri móðir Péturs Östlund, þess fræga rokkara. Sjálfsagt vita þetta allir í Reykjanesbæ, en það dugir ekki til. En ég var svo heppin



að þetta kynslóðabil og upplýsingaleysi var brúað að hluta með því að hafa mútter með.

Á sýningunni er víða hægt að tylla sér niður til að lesa af spjöldunum eða horfa á myndböndin og það kunni heldri borgarinn vel að meta. Allir textar á spjöldum eru einnig á ensku. Þarna er hægt að fá sér kaffibolla, en lítið, ef nokkuð, var í boði af meðlæti. Og frekar lítið er til sölu sem taka má með sér til minningar, en því má bæta úr, enda safnið svo nýopnað, vígt í apríl í ár.

Heimasíða Rokksafnsins er mjög fín, skýr, smart og skipulögð, og jafnt og safnið þá höfðar hún örugglega til yngri kynslóðanna sem og hinna eldri.

Það má segja að í safnamálum geri Keflvíkingar það ekki endasleppt hvað varðar aðgengi og opnunartíma. Þrjú aðalsöfnin sem þar er að sjá, Rokksafn Íslands, Víkingaheimar og Duus-hús, hafa opið daglega allt árið um kring og í Duus-húsi er frír aðgangur, hvað ýmsir á höfuðborgarsvæðinu athugi.



#

OBJECT SAFNGRIPUR
SAGAN FRÁSÖGN
FRAMSETNING SPURN-
INGARMERKI
OUTPUT EXHI-
BITION SÝNINGAR
FÉLAGSLEGT HLUTVERK
TILGANGUR ENDURVARP
JAÐARHÓPUR HERITAGE
FORTÍÐ SJÁLFSMYND
MENNINGARARFUR

Ný hugtök

Um miðjan maí tók ég þátt í European Museum Forums ráðstefnunni í Tallin, ásamt yfirmanni miðlunardeildar, Martin Brandt Djupdræt, í aðdraganda þess að veita átti Evrópsku safnaverðlaunin, hin svokölluðu EMYA-verðlaun. Den Gamle By var tilnefndur til verðlaunanna, sem við erum mjög stolt af – jafnvel þótt verðlaunin hafi fallið í skaut safninu Museum of Innocence í Ístanbul, en ekki Den Gamle By.

Þegar leið á ráðstefnuna áttaði ég mig á því hversu mikil þörf er á að við sem störfum í söfnum endurnýjum helstu hugtökin sem notuð eru innan þeirra. Hér eru þrjú dæmi.

Öll söfnin sem tilnefnd voru til EMYA-verðlaunanna voru beðin um að taka með sér „object“, eða safngrip, og það var augljóst að mörgum þótti gripurinn sjálfur ekki mikilvægastur heldur frekar sagan á bak við hann, frásögnin, bakþankinn, eða hvernig hann endurspegladi krefjandi framsetningu á vandamáli. Það er líklega ástæðan fyrir því að spænska þjóðvísindasafnið í La Coruna tók með sér spurningarmerki, Baksi-safnið frá hinni tyrknesku Anatólíu tók með sér kjól sem hafði verið ofinn af sjálfboðaliðum og seldur á safninu, á meðan Museum of Innocence tók með sér bók.

Í umræðum um afrakstur safnanna var lögð áhersla á „exhibitions“, sýningar, og hugmyndin um safnið

sem byggingu, þar sem safni gripa er stillt upp, var áberandi. Mörg söfn leggja þó áherslu á allt aðra þætti, sem tengjast stærri frásögnum, félagslegu hlutverki þeirra eða hugmyndafræðilegum tilgangi. Til dæmis var spennandi að heyra að helsta markmið safnsins William Morris Gallery í London væri að gefa því fólki sem byggir í niðurnídda hverfinu þar sem safnið er, eitthvað til að vera stolt yfir. Occidens-safnið í dómkirkjunni í Pamplona, lagði áherslu á, að safnið væri ekki sýning heldur endurvarp. Og Den Gamle By, var meðal annars tilnefnt fyrir starf sitt með ýmsum jaðarhópum s.s. eldri borgurum með elliglöp og börnum og unglingum með þroskahamlanir.

„Heritage“, menningarafur, var annað sigilt safnahugtök sem sett var spurningamerki við. Líklega helst vegna þess að það höfðar ekki til nútímafólks, en kannski líka vegna þess að það einblínir á fortíðina og lítur framhjá nútíðinni, sem gestir safnanna lifa nú einu sinni í. Ef til vill væri æskilegra að tala um sjálfsmynd (identity)?

Safngripur, sýning, menningararfur! Margir tengja þessi orð við rykfallnar stofnanir, sem eru úr tengslum við allt og alla. Bæði við samfélagið, sem söfnin hafa að markmiði sínu að þjóna, og líka við núverandi þróun í evrópska safnaheiminum, sem er langtum meira spennandi en áður nefnd hugtök gefa til kynna. Í anda þess samanburðar á hug-

tökum sem Orhan Pamuk gerir í margumtalaðri bók sinni „A Modest Manifesto for Museums“ gæti maður kannski sagt:

Við tökum mið af hlutum, við ættum heldur að einbeita okkur að hugmyndum.

Við tökum mið af sýningum, við ættum heldur að einbeita okkur að frásögnum.

Við tökum mið af menningararfi, við ættum heldur að einbeita okkur að sjálfsmynd.

Á ráðstefnunni í Tallin voru 34 söfn kynnt, sem öll þóttu þess verðug að hljóta titilinn European Museum of the Year. Það var áhugavert og umhugsunarvert að sjá hversu fjölbreyttur hinn evrópski safnaheimur er og hversu mörg ný skref hafa verið stigin þar víðs vegar.

Fyrir mér er enginn vafi á því að merking safnahugtaksins er að breytast. Það er mikilvægt að við finnum ný orð, sem hafa þýðingu fyrir öll þau söfn sem eru á leið inn í framtíðina.

Upphaflega birt á blogginu www.blog.dengambleby.dk/museums-direktoren og síðar í tímaritinu Danske museer.

Thomas Bloch Ravn, safnstjóri
Den Gamle By í Árósum

Samfélagslegt hlutverk safna

Á Bretlandi hefur lengi verið hefð fyrir því að söfn sinni umfangsmiklu samfélagslegu hlutverki.

Samtök safna í Bretlandi (e. Museum Association) gáfu nýlega út framtíðarstefnumótun sem ætlað er að stuðla að auknum félagslegum áhrifum safna og kallast hún Söfn breyta lífi fólks (e. Museums change lives).

Með stefnunni er ætlunin að hvetja safnafólk til að hafa aukin áhrif út á við, hvetja styrktaraðila til að styðja söfn í því að ná betur til almennings og beina stofnunum í samstarf við söfn með það að markmiði að hafa jákvæð áhrif á líf fólks.

Þar er lögð áhersla á hvernig söfn geti haft samfélagslegt hlutverk sitt að leiðarljósi og að öll söfn, óháð því hvernig starfsemi þeirra er háttáð eða hvert sérsvið þeirra er, geti stuðlað að jákvæðum samfélagslegum breytingum. Stefnan er í þremur liðum:

a) að auka velferð, b) að hafa áhrif á umhverfi sitt og samfélag og c) vera uppspretta hugmynda og innblásturs. Í stefnunni er lögð áhersla á jafnt aðgengi fyrir alla og að það sé hugað að þörfum allra á grundvelli félagslegs réttlætis, óháð aðstæðum eða bakgrunni fólks. Það er mikilvægt að söfn hjálpi til við að móta hvern stað, þorp eða borg, og jafnvel heil samfélög. Söfn eiga að glæða hvern stað lífi, tengja saman ólíka hópa og bæta umhverfi sitt og líf fólks sem þar býr, stuðla að fræðslu, framsækinni hugsun og hvetja til þekkingarleitar.

Söfn eru ekki hlutlausar stofnanir, straumar fortíðar og nútíðar móta safneignina og miðlun hennar. Þar sem almenningur gerir ráð fyrir hlutleysi safna bera þau mikla ábyrgð. Slíkar stofnanir ættu að nýta það



“

Í íslenskum safnalögum frá 2012 er tilgreint að söfn skulu „hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda“. Gera þau það?

”

traust sem víða er borið til þeirra til að hvetja fólk til að velta fyrir sér helstu áskorunum nútímasamfélags. Þau ættu að tala fyrir félagslegu réttlæti og almennum mannréttindum, takast á við fordóma og tala fyrir sanngirni og jafnrétti.

Hér á landi er umræða um samfélagslegt hlutverk safna ekki hávær. Í íslenskum safnalögum frá 2012 er ekki sérstaklega fjallað um samfélagslegt hlutverk safna en þó tekið fram að söfn skulu „hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda“. (1. kafli 3. gr.)

Í Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2010–2014 er samfélagslegt hlutverk safna eitt af markmiðunum. Þar er fjallað um mikilvægi þess að gestir í minjasöfnum hafi möguleika á því að sækja sér þekkingu á eigin forsendum. Einnig að safnastarf sé unnið í samráði við heimamenn og nýti þannig þekkingu sem fyrir er en stuðli um leið að nýsköpun. Þá er einnig rætt um jákvæð áhrif af sjálfbodaliðastörfum sem leiði til ávinnings bæði fyrir söfnin og sjálfbodaliðana.

Margt af því sem talið er upp í greinargerðinni hefur víða verið innleitt í safnastarf á Íslandi. Skýr stefnumótun myndi þó styrkja og efla samfélagslegt hlutverk íslenskra safna og hvetja til frekari umræðu á þessu sviði.

Nánar má lesa um stefnuna á www.museumsassociation.org/museums-change-lives

Staður til að láta sig dreyma

Hugmyndasmiðjan á Kjarvalsstöðum er skemmtilegur staður til að heimsækja með börnin sín. Þar er ýtt undir sköpunargleði þeirra með hlutunum sem þar eru og rýminu sjálfu. Smiðjan er nefnilega hönnuð með það að markmiði að ýta undir hugmyndaflugid.

Rýmið er hannað á mjög sérstakan hátt. Veggverk eftir listamanninn Hugin Arason rammur það inn. Verkið sýnir endurtekin form sem eru svipuð en þegar betur er að gáð þó aldrei eins. Það getur verið mjög gaman að sitja og horfa á þau, láta hugann reika og ímynda sér hvaða ævintýri leynast í formunum.

Landslagið inni í smiðjunni er mótað af upphækkuðu rými, eða löngum bekk eins og mætti kalla það. Hann er í beinu framhaldi af gólfinu og leiðir mann upp að bókum og gluggum. Hann hvetur börnin til að ekki bara sitja heldur leika, liggja og teygja úr sér við sköpun sína og lestur eins og barna er oft siður.

Ofan við bekkinn er frábært úrval af forvitnilegum bókum. Þetta eru bækur sem eru ekki endilega ætlaðar fyrir unga lesendur, heldur ýta almennt undir að hugmyndir kvikni og eru því góðar bæði fyrir börn og fullorðna.

Í herberginu er líka vagn með litum og blöðum sem hægt er að opna á hliðinni og þá eru þar reglustikur og fleira til að hjálpa krökkunum að láta sýn og drauma sína verða að veruleika á blaði.

Smiðjan er því staður þar sem draumar verða til og hugurinn fær frelsi til að láta hugmyndirnar flæða fram. Inn í þennan heim eru börn jafnt og fullorðnir boðnir velkomnir og njóta þess svo sannarlega.


Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir er hönnuður að smiðjunni en veggverkið eftir listamanninn Hugin Þór Arason.



Neyzlan

í Árbæjarsafni

Í sumar var opnuð ný grunnsýning í Árbæjarsafni, sem nefnist Neyzlan. Þar er fjallað um neysluvenjur Reykavíkinga á 20. öld, á tímum mikilla breytinga t.d. í tækni, samgöngum og hugmyndum. Sýningin er gerð með þeirri ósk að umfjöllunarefnið vekji fólk til umhugsunar um eigin neyslu og þær auðlindir sem nýttar eru við framleiðslu neysluvara.



Allir að deila!

Þjóðlistasafn Danmerkur (Statens Museum for Kunst) gaf nýlega út bókina *SHARING IS CARING. Openness and sharing in the cultural heritage sector* sem fjallar um hvernig hægt er að nýta sér netið til þess að auka aðgengi að menningararfinum. Á netinu snýst aðgengi ekki síður að notkun og mikilvægt er að gera notendum kleift að skoða, endurnýta og deila. Í anda bókarinnar er hún að sjálfsögðu aðgengileg á netinu! Sjá nánar á: www.sharingiscaring.smk.dk

Doktor í safnafræðum

Guðrún Dröfn Whitehead lauk nýverið doktorsvörn sinni við háskólann í Leicester. Doktorsritgerðin hennar heitir *Vikings, the Barbaric Heroes*. Verkefnið fólst í því að leita eftir afstöðu innlendra gesta og safnafólks til sýninga tveggja safna á Íslandi og í Englandi sem fjalla um víkingatímabilið. Einnig að kanna ímynd norrænna víkinga með það fyrir augum að skýra notkun á sögunni í nútíma samfélagi. Guðrún mun hefja störf við Háskóla Íslands sem nýdoktor í janúar 2015. Mun það án efa verða heilmikil lyftistöng fyrir deild safnafræða og íslenskt safnastarf.

Elsta peysa á Norðurlöndum komin í leitirnar

1700 ára gömul peysa fannst á liðnu ári í Noregi. Hún er grænbrún og stutt og án talna eða annarra festinga. Hlýnun jarðar hefur orðið til þess að Lendbreen-jökull í Noregi hefur hopað og komið í hefur ljós fjöldi fataleifa þar á meðal þessi peysa frá járnöld sem tíma-sett hefur verið á milli 230 og 390 f. Kr. Hún er skáofin í tígla úr tvenns konar ull, af lambi og fullorðnu fé, og með dröfnóttri áferð sem fékkst með því að nota til skiptis tvo ljósbrúna og tvo dökkbrúna þræði.




Um 50 bútar bíða frekari rannsóknar og aldursgreiningar. Þeir geta varpað ljósi á klæðnað, fatagerð og framleiðslu á fyrsta árþúsundi og fyrr. Grein um fundinn birtist í tímaritinu *Antiquity*.

Hökkuð söfn?

MuseumHack er fyrirbæri sem nýtur sívaxandi vinsælda vestanhafs. Um er að ræða sérstakar leiðsagnir um Metropolitan-safnið og Náttúruminjasafnið í New York. Leiðsagnirnar eru mjög óhefðbundnar en fólkið sem stendur að baki MuseumHack lýsir sér sem uppreisnargjörnum leiðsögumönnum sem leiða gesti sína í gegnum söfnin með ástríðufullum frásögnum og jafnvel safaríku slúðri! Skoðið nánar á www.museumhack.com

Bók um Húsið

Fá hús á Íslandi geta státað af því að um þau hafi verið skrifuð bók. Húsið á Eyrarbakka er nú komið í þann flokk því Bygðasafn Árnesinga hefur gefið út rit Lýðs Pálssonar í máli og myndum helgað sögu þess og íbúa. Húsið var byggt 1765 og verður því 250 ára á næsta ári.



Handhæg norsk leiðbeiningarrit

Norðmenn hafa verið virkir í útgáfu leiðbeiningarrita um hvernig best verði unnið í safnastarfi. Meðal efnis ritanna er skipulag safnastarfs, samstarf skóla og safna, forgangsroðun í byggingarvernd, staðlar fyrir stafræna eftirgerð ljósmynda og ástandsmat safnkosts í söfnum. Ritin eru öll aðgengileg til niðurhals á netinu. Sjá www.kulturradet.no/publikasjoner

Afslappað náttúruminjasafn í Kaupmannahöfn

Í bígerð er nýtt safn undir náttúruminjar í Kaupmannahöfn. Gamla safnið, sem verið hefur á þremur stöðum, á nú að sameina undir einn hatt í nýrri byggingu í bótaníska garðinum. Á heimasíðu safnsins er hægt að skoða stefnumótun og annan undirbúning fyrir sýningargerð. Athyglisvert er að fyrsta setning í markmiðum safnsins er að búa til safn sem er „afslappende, og hvor man nyder at være“ eins þeir segja. Reiknað er með að nýja safnið verði opnað 2017. Til fyrirmyndar er að allar hugmyndir sem nýja safnið varða eru aðgengilegar á heimasíðunni, www.nyt.snm.ku.dk



Manntalið 1703 á skrá UNESCO

Manntalið 1703 er líklega elsta varðveitta manntal heimsins þar sem allra þegna heillar þjóðar er getið með nafni, aldri og stöðu. Það hefur nú verið skráð á lista UNESCO um minni heimsins (World Memory). Hægt er að fræðast meira um skráninguna á vefsetri UNESCO www.unesco.org.

*Styrktaraðilum Safnablaðsins Kvists
eru færðar alúðarpakkir*

